

# Bæjarins besta

MIÐVIKUDAGUR 28. maí 2003 • 21. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) • Netfang: [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) • Verð kr. 250 m/vsk

Lífeyrissjóður Vestfirðinga flytur í nýtt húsnæði í verslunarmiðstöðinni Neista

## Starfsemin framvegis á einni hæð

Lífeyrissjóður Vestfirðinga tók á föstudag formlega til starfa í nýjum húsnæðnum í Neista á Ísafirði. Húsnæðið var þá afhent við hátíðlega athöfn og var gestum og gangandi, iðnaðarmönnum og starfsmönnum sjóðsins boðið upp á veitingar í tilefni þessa.

„Þetta var mjög góður dagur og ég held að allir hafi verið mjög hrifnir af nýja húsnæðinu“, segir Guðrún K. Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.

„Við erum núna að venjast vinnuáðstöðunni en það eru mikil þægindi sem fylgja nýja húsnæðinu. Það munar miklu að allir starfsmennirnir skuli vera á sömu hæðinni en áður vorum við á þremur hæðum.“



Guðrún K. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga (lengst til hægri) ásamt starfsfólki sínu.

Í sumar verða fimm starfsmenn hjá Lífeyrissjóðnum en ekki eru þeir allir í fullu starfi.

„Á ársgrundvelli eru um fjögur stöðugildi við rekstur sjóðsins“, segir Guðrún.

Lífeyrissjóðurinn var áður að Brunngötu 7 á Ísafirði. Það hús hefur þegar verið selt og

verður framvegis notað sem íbúðarhúsnæði, að sögn Guðrúnar K. Guðmannsdóttur.

### Sambýli og hæfingarstöð fatlaðra á Ísafirði

## Ríkið vill selja Bræðratungu

Ríkissjóður hefur auglýst húsnæði Bræðratungu í Tungudal við Ísafjörð til sölu. Um er að ræða tvær byggingar og hefur önnur hýst sambýli fatlaðra en hin er hæfingarstöð fyrir fatlaða. Samtals eru byggingarnar rúmlega 1.000 fermetrar og brunabótamat þeirra er 110 milljónir króna. Hæfingarstöðin Hvesta er í Bræðratungu og njóta 13 manns þar þjónustu. Bræðratunga var vígð árið 1984 og hefur

gegnst mikilvægu hlutverki í þjónustu við fatlaða.

Fimm íbúar eru ennþá í Bræðratungu. Í samtali við Svæðisútvarp Vestfjarða sagði Laufey Jónsdóttir, forstöðumaður Svæðisskrifstofu málafna fatlaðra á Vestfjörðum, að aðstandendum þeirra hafi verið gerð grein fyrir því, að Bræðratunga yrði auglýst til sölu. Hún segir að framtíðar-búseta heimilismanna í Bræðratungu sé háð því hvort af sölu verði.



Bræðratunga í Tungudal.

Komi tilboð sem eigandinn, ríkið, sætti sig við, verði þegar farið að huga að heimilum fyr-

ir þá sem þar búa en það eru fimm einstaklingar. Hún segir að leysa verði hæfingarþörfina

með því að finna nýtt húsnæði á Eyrinni á Ísafirði.

/SAMKAUP/  
-gættur þúttúll-

OPIÐ:

Virka daga  
kl. 09 - 21


Laugardaga  
kl. 10 - 21

Sunnudaga  
kl. 12 - 21

Verið  
velkomin!

/SAMKAUP/  
-gættur þúttúll-

NEISTA  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi  
- allir vörubílar hafa -

EIMSKIP  
GREIÐ LEIÐ



Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður  
Sími 456 4560,  
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,  
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannsson  
sími 863 1623  
kristinn@bb.is  
Hálfadán Bjarki Hálfadánsson  
sími 863 7655  
hafdan@bb.is

Ritstjóri nefngáfu:

Hlynur Þór Magnússon  
sími 892 2240  
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson  
sími 894 6125,  
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og  
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirlitadir aðilar sjá um  
dreifingu á blaðinu á þétt-  
býlisstöðum utan Ísa-  
fjarðar: **Bolungarvík:**  
Sólveig Sigurðardóttir,  
Hlíðarstræti 3, sími 456  
7305. **Súðavík:** Sólveig  
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími  
456 4106. **Suðureyri:**  
Deborah Anne Ólafsson,  
Aðalgötu 20, sími 898  
6328. **Flateyri:** Gunnhildur  
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi  
12a, sími 456 7752.  
**Þingeyri:** Anna Signý  
Magnúsdóttir, Hlíðargötu  
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

**Hamraborg,** Hafnarstræti  
7, sími 456 3166. **Flug-  
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,  
sími 456 4772. **Bónus,**  
Ljóninu, Skeiði, sími 456  
3230. **Bókhladan,** Hafn-  
arstræti 2, sími 456 3123.  
**Bensinstöðin,** Hafnarstræti,  
sími 456 3574. **Samkaup,**  
Hafnarstræti 9-13, sími 456  
5460. **Krillid,** Sindragata 6,  
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250  
eintakið m.vsk. Áskriftarverð  
er kr. 215 eintakið. Veittur  
er afsláttur til elli- og  
örorkulífeyrisþega. Einnig  
sé greitt með greiðslukorti.

# Afhentu mótmælalista með undirskriftum rúmlega 180 íbúa

Jónasi Þór Birgissyni, lyfsala á Ísafirði, var síðdegis á mánudag afhentu listi með rúmlega 180 undirskriftum íbúa á Flateyri. Þar er skorað á eigendur Ísafjarðar apóteks að endurskoða þá ákvörðun að loka lyfsölunni á Flateyri. Guðlaug Auðunsdóttir og Gróa Haraldsdóttir afhentu Jónasi listann, sem þakkaði kærlega fyrir og sagðist myndu koma undirskriftunum áfram. „Það neitaði enginn að skrifa undir enda er mjög mikil óánægja með þessa ákvörðun“, segir Guðlaug

Auðunsdóttir. „Það eru ekki allir sem eiga bíl og sumir eiga erfitt með að komast yfir á Ísafjörð. Þá er fólk líka mjög ósátt við það hversu stuttur fyrirvarinn var. Starfsmanni útibúsins var sagt upp á miðvikudegi og afgreiðslan rýmd á föstudegi.“ Auk undirskriftalistans er vitað til þess að Lyfju hf., eiganda Ísafjarðar apóteks, hafi borist mótmæli frá Íbúasamtökum Önuðarfjarðar og Lýð Árnasyni, lækni á Flateyri.



Guðlaug Auðunsdóttir og Gróa Haraldsdóttir afhenda Jónasi Þór Birgissyni lyfsala á Ísafirði undirskriftalistann.

## Samráðsfundur nokkurra lögregluembættanna á Vestfjörðum og Vesturlandi

### Búa sig undir umferðina kringum unglingalandsmótið

Lögreglustjórar og næstráðendur þeirra á Ísafirði, í Bol-

ungarvík, á Patreksfirði, Hólmavík og í Búðardal hitti

ust á árlegum samráðsfundi sínum á Ísafirði í síðustu viku. Helsta mál fundarins var skipulag löggæslu á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Ísafirði í byrjun ágúst. Búið er við sex til tíu þúsund gestum á mótið og má þvíætla að mjög mikil umferð

verði um vegi á Vestfjörðum á þessum tíma. Fundurinn var tíundi vörfundur embættanna en sá fyrsti var haldin í Bjarkalundi í Reykhólasveit í byrjun júní árið 1994.

Á fundunum er fjallað um ýmis löggæslumálefni en sérstaklega er farið yfir skipulegt

samstarf embættanna í umferðarmálum yfir sumartímann. Síðastliðin tvö ár hafa embættin einnig haldið haustfundum. Þar eru önnur löggæsluverkefni rædd en þó sérstaklega forvarnamálefni og annað starf sem tengist æsku landsins á vettvangi lögreglunnar.

## Sjómannadagurinn á Suðureyri

# Kappbeitning og kararóður

Hátíðarhöld í tilefni sjómannadagsins verða á Suðureyri um næstu helgi. Á laugardag verður kappróður á lóninu við bæinn en stærstur hluti dagskrárinnar fer fram á sjómannadaginn sjálfan. Um morguninn kl. 10 bjóða útgerðarmenn til skemmtisiglingar á smábátum en kl. 13.45 verður gengið frá Bjarnaborg, húsi Verkalýðsfélagsins Súganda, til messu í Suðureyrarkirkju.

Klukkan 15.30 hefst skemmtidagskrá á höfninni. Þar verður meðal annars keppt í reiptogi, koddaslag, kappbeitningu, kararóðri og karahlaupi.

Um kvöldið verður efnt til hátíðarkvöldverðar í Félagsheimilinu á Suðureyri. Húsið verður opnað fyrir matargesti kl. 19.30 en rúmum þremur klukkutímum síðar verður borðum rutt burt og dansað við tónlist Halla & Þórunnar.

## Fyrsti hringmyrkvi á sólu hérlandis frá 1793

# Sést vel á Vestfjörðum

Fyrsti hringmyrkvinn á sólu sem sjáanlegur er hér á landi frá árinu 1793 mun sjást vel frá norðanverðum Vestfjörðum aðfaranótt 31. Ásmá, svo fremi að skýjafar leyfi. Hringmyrkvi er sólmyrkvi þar sem rönd af sólinni sést allt í kringum tunglið og því er ekki um almyrkva að ræða.

Hringmyrkvinn mun sjást allur fyrir norðan og austan línu sem dregin er frá Höfn í Hornafirði að Bíldudal. Verður hann í algleymsi, séð frá Ísafirði, um kl. 4.07 að nóttu en deildarmyrkvi hefst kl. 3.10. Ætla menn að aðstæður til að fylgjast með þessu fyrirbrigði verði góðar á norðanverðum Vestfjörðum en þar mun tunglið sjást nákvæmlega fyrir miðju sólar. Þó verður að huga að því við val á útsýnisstað að fjöll skyggi ekki á sólu.

Á heimasíðu Almanaks Háskóla Íslands má sjá feril hringmyrkvans. Hann fer yfir svæðið á þremur stundarfjórðungum frá kl. 03.45 til kl. 04.31.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

## RITSTJÓRNARGREIN

# Beðið eftir Godot

Ný ríkisstjórn er sest að völdum. Fráfarandi stjórnarflokkum reyndist létt að brúa gjána sem myndaðist milli þeirra í kosningabaráttunni. Það var þó ekki útgjaldalaust fyrir hvorugan flokkinn. Að 15 mánuðum liðnum eftirlætur Davíð Oddsson Halldóri Ásgrímssyni stól forsætisráðherra. Stóll umhverfisráðherra er milligjöf í stólskiptunum.

Málefnaþingurinnar nýju ríkisstjórnar boðar aukna velmegun og enn betri lífsskjör þjóðinni til handa en hún hefur átt við að búa í góðærinu margrómaða. Fagnaðarefni ef rétt reynist. Hætt er þó við að ýmsum leiðist biðin þótt ekki veri nema eftir hluta þeirra loforða, sem flæddu yfir þjóðina í aðdraganda kosninganna. Beinir skattalækkningar sem almenningi var heitið fyrir kosningar, og flokkana greindi helst á um, eiga nú að taka mið af almennum kjarasamningnum við næstu áramót. Þetta þýðir einfaldlega að kauphækkningar og skattalækkningar þykja ekki vænlegar á sama tíma, svo neinu nemi.

Að því er best verður skilið er ASÍ-forystan ánægð með varfærni á skattamálum. Virðist sú afstaða stafa af ótta við að skattalækkningar leiði til samdráttar í

velferðarkerfinu. Ef vill er sá ótti ekki ástæðulaus. Verkalýðsforystunni, líkt og öðrum, er a.m.k. ljóst að utanríkisþjónustunni verður ekki ýtt út á klakann. Þar á bæ eru margar vistarverur og engum úthýst, sem lent hefur á vergangi stjórnmála.

Hætt er við að skipstjórnaskiptin á þjóðarskútunni leiði til þess að velflest stærri mál verði sett fyrirbrigði sem er kunnuglegt í heilbrigðiskerfinu, biðlista. Vestfirðingar hafa slæma reynslu af framkvæmdabiðlistum. Hvað um yfirlýsingar um uppbyggingu í Norðvesturkjördæmi sem mótvægi við framkvæmdir í öðrum landshlutum? Hver verður framvinda fráða- og háskólasetsurs á Vestfjörðum, sem ætlað er að leiði til stofnunar háskóla á Ísafirði? Og hvað um rannsóknasetur í eldis- og veiðarferatækni? Mál af þessu tagi brenna heitt á Vestfirðingum. Þeir vita öðrum betur að biðin verður að taka enda ef ekki á illa aða fara. Þanþol lopans er takmarkað.

Nýkjörið Alþingi var sett í fyrradag. Framundan er stutt þing þar sem allt fer fram samkvæmt hefðinni. Á haustþingi kemur í ljós hvort stjórnarlíðið hefur röðurinn eða lætur sér nægja að damla með árinna fram til 15. september 2004. s.h.



# Fjárhagur bæjarins batnaði milli ára

Ársreikningur bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar og stofnana hans fyrir árið 2002 var lagður fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar í gær. Heildar-niðurstaða ársreikningsins er 46 milljónum króna betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Að teknu tilliti til afskrifta, reiknaðra verðbreytinga og áfallinna lífeyrisskuld-bindinga er rekstrarniðurstaðan 182 mkr. betri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Heildartekjur voru 1.932 mkr.

en heildargjöld 1.959 mkr. Afkoma fyrir fjármagnsliði (afskriftir, fjármagnsgjöld og fjármunatekjur) er jákvæð um 106 mkr. en neikvæð um 27 mkr. eftir fjármagnsliði. Veltu-fé frá rekstri nam 146 mkr.

Helstu framkvæmdir sveitarfélagsins voru eftirtaldar: Gatnaframkvæmdir á Flateyri, endurbýgging Safnahússins við Eyrargötu (Gamla sjúkrahúsið), framkvæmdir við sundlaugina á Suðureyri, leikskólan Eyrarskjól á Ísafirði

og tjaldsvæðið á Flateyri, svo og lok framkvæmda við íbúðir aldraðra á Þingeyri, hafnarframkvæmdir á Ísafirði og Flateyri auk ýmissa framkvæmda vegna viðhalds gatna og fasteigna og fleira.

Heildarskuldir bæjarsjóðs og stofnana hans án lífeyrisskuldbindinga námu 2.981 mkr. í árslok 2002 borið saman við 3.148 mkr. í árslok 2001 og lækkuðu um 167 mkr. milli ára. Lífeyrisskuldbindingar námu 470 mkr. í árslok 2002

en voru 430 mkr. í árslok 2001.

Peningalegar eignir á móti skuldum námu 1.297 mkr. en voru 1.430 mkr. í lok árs 2001. Peningaleg staða bæjarfélagsins er því neikvæð í lok árs 2002 um 1.684 mkr. en var neikvæð um 1.718 mkr. í lok árs 2001. Á móti peningalegri stöðu standa fastafjármunir að frádregnu eigið fé. Fastafjármunir námu 3.920 mkr. en voru 3.601 mkr. í árslok 2001. Eigið fé nam 1.784 mkr. í árslok 2002 borið saman við

1.453 mkr. í árslok 2001.

Ársreikningurinn ber það með sér að niðurstaða reksturs varð hagstæðari en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Aukning tekna var meiri en aukning útgjalda ef reiknaðir útgjaldaliðir eru dregnir frá. Skatttekjur urðu 1.164 mkr. eða 134 mkr. hærri en áætlað var. Launakostnaður varð 883 mkr. eða 68 mkr. umfram áætlun en 28 mkr. ef reiknaðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar eru dregnar

frá.

Fjármagnsgjöld og fjármunatekjur urðu 5 mkr. nettó útgjöld eða 44 mkr. hagstæðari niðurstaða en samkvæmt áætlun. Ef reiknaðar verðbætur á uppfærslu langtímalána eru dregnar frá varð niðurstaða úr fjármagnsliðum 50 mkr. hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir.

Síðari umræða um reikninga bæjarsjóðs og stofnana hans verður 12. júní.

## Mikil fagnaðarlæti á Söngvaseið í Þjóðleikhúsinu

# Forsetinn og eiginkona hans voru meðal gesta

Allt ætlaði um koll að keyra af fagnaðarlátum í Þjóðleikhúsinu á sunnudagskvöld að lokinni sýningu á Söngvaseið í uppfærslu Litla leikklúbbsins og Tónlistarskóla Ísafjarðar. Meðal gesta voru forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff. Að sýningu lokinni brugðu þau sér baksviðs og heilsuðu upp á leikendur og starfsfólk sýningarinnar. Mjög margir brottfluttir Ísfirðingar og aðrir Vestfirðingar voru meðal sýningargesta en forsetinn er Vestfirðingur að uppruna og fæddur á Ísafirði, eins og kunnugt er. Óhætt er að segja að bæði starfsfólk í Þjóðleikhúsinu og sýningargestir hafi tekið afar vel á móti leik- og sönghópnum að vestan. Strax þegar fyrsta söngatriðinu var lokið var klappað svo að undir tók í húsinu. Í sýningarlok var ekki aðeins klappað heldur einnig flautað og hrópað. Síðan stóð allur salurinn upp og klappaði lengi og hópurinn var kallaður margsinnis fram. Önnur og þriðja sýn-



Tveir „gamli“ Ísfirðingar sem voru meðal sýningargesta: Vigdís Jakobsdóttir leikstjóri og Baldur Trausti Hreinsson leikari.

ing á Söngvaseið í Þjóðleikhúsinu voru á mánudagskvöld og í gærkvöldi og seldist á skammri stundu upp á allar sýningararnar þrjár. Stefán Baldursson Þjóðleikhússtjóri sagði í ávarpi á sunnudagskvöldið, að sjálfsagt hefði verið hægt að sýna verkið þar í húsinu langt fram eftir sumri ef þátttakendur hefðu ekki verið bundnir við önnur verkefni. Uppfærslan á Söngvaseið var útnefnd áhugaverðasta leiksýning áhugafólks hérlandis á starfsárinu. Það var niðurstaða dómnefnd-

ar frá Þjóðleikhúsinu sem tilkynnt var á ársþingi Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir nokkru. Þeirri nafnbót fylgir að viðkomandi verk er flutt á fjöllum Þjóðleikhússins. Jafnan hefur þar verið um eina sýningu að ræða en viðbrögðin að þessu sinni voru strax með þeim hætti að ákveðið var að bæta við tveimur sýningum. Ekki var unnt að hafa þær fleiri enda eru flestir sem koma að sýningunni í fullri vinnu fyrir vestan. Hátt á þriðja þúsund manns sáu verkið á Ísafirði.



Guðrún Jónsdóttir óperusöngkona, sem fer með hlutverk barnfóstrunnar Maríu Reiner, Messíana Tómasdóttir, hönnuður leikmyndar, og Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri. Að baki Guðrúnu má sjá eiginmann hennar, Torfa Einarsson.

## Vinabæjamót í Joensuu í Finnlandi

# Ísafjarðarbær sendir níu manns

Ákveðið hefur verið að senda fimm pólitíska fulltrúa frá Ísafjarðarbæ á vinabæjamót í Joensuu í Finnlandi um mánaðamótin. Makar fylgja fjórum fulltrúanna og er kostnaður við þessa ferð áætlaður 830.000 krónur. Að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, er á fjögurra ára fresti haldið mót þar sem unnin er stefnumótunarvinna fyrir vinabæjasamtarfið.

Ætlast er til að sveitarfé-

lögin sendi þangað pólitíska fulltrúa. „Það var mælt með því að við sendum tíu fulltrúa á mótið en við ákváðum að senda fimm“, segir Halldór. Á vinabæjamótið fara Inga S. Ólafsdóttir, formaður menningarmálanefndar, Svanlaug Guðnadóttir, varaforseti bæjarstjórnar, Ragnheiður Hákonardóttir, varaformaður bæjarráðs, og bæjarfulltrúarnir Lárus Valdimarsson og Magnús Reynir Guðmundsson.


„Þess ber að geta að í sparnaðarskyni ákváðum við að taka ekki þátt í starfi sem þessu á síðasta kjörtímabili. Við sendum unglinga og tókum við unglingum en enginn pólitískur fulltrúi var sendur á vinabæjamót. Að vísu fór fulltrúi frá bænum þegar haldið var upp á afmæli Hróarskeldu og Joensuu“, segir Halldór.

Ekkert verður af vinabæjaheimsóknun unglinga í ár en til stóð að halda mótið á Túnbergi í Noregi.

# SUMARBLÓM

**Sumarblóm verða til sölu hjá okkur í Bolungarvík miðvikudaginn 28. maí og á Ísafirði laugardaginn 31. maí. Einnig nokkrar tegundir af forræktuðu grænmeti.**

**MJÖG HARÐGERAR OG FROSTÞOLNAR PLÖNTUR FRÁ REYKJUM Í HRÚTAFIRÐI. Mold verður seld í lausu í lítratali fyrir útipottana og beðin (gott er ef komið er með ílát undir moldina).**



## Blómahornið

Sími 456 3336 - 456 7021

**EG-húsinu**  
**Bolungarvík**

**Neista**  
**Ísafirði**





Árgangur 1951 á Ísafirði.

Samfundir skólafélaga af árganginum 1951 á Ísafirði

# Nítján í hópnum fóru á kajak

Ísfirðingar fæddir árið 1951 héldu upp á 35 ára afmæli gagnfræðaprófsins á Ísafirði um fyrri helgi. Hópurinn hittist á Silfurtorgi á föstudegnum en þaðan var gengið niður í Próunarsetur Vestfjarða. Rétt þegar hópurinn var lagður af stað kom Ruth Tryggvason í Gamla bakaríinu aðvifandi færandi hendi. „Við vorum himinlifandi að sjá hana og kókoslengjurnar. Við svo gott sem lifðum á þessu þegar við vorum krakkar“, segir Guðrún Kristjánsdóttir, einn skipuleggjenda mótsins. „Við fórum síðan að skoða starfsemi Próunarsetursins en ég vildi sýna brottfluttum skólasyntkinum mínum hversu mikið er um að vera á Ísafirði.“ Aðalsteinn Óskarsson hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða í Próunarsetrinu leiddi hópinn um húsið. „Hann

baud upp á góða leiðsögn og fræðslu um það sem gerist þar innan dyra.“ Því næst hélt hópurinn að Gamla sjúkrahúsinu, verðandi Safnahúsi Ísafjarðar. „Flest erum við fædd í þessu húsi og mörg okkar stigu þar sín fyrstu skref í vinnu. Þaðan fórum við í Fræðslumiðstöð Vestfjarða og komumst að því að fólk getur lært og lært þó að það sé komið á áttræðisaldur. Þá fórum við í kirkjugarðinn og vitjuðum leiða þriggja skólasyntkina okkar. Við lukum þessu síðan þann daginn með því að fá okkur frábæra gúllassúpu hjá Áslaugu Jensdóttur í Fakt-orshúsinu í Hæstakaupstað.“ Á laugardegnum hittist hópurinn laust fyrir hádegi og fór rակleitt í óvissuferð. Ekið var að Veðrará í Önundarfirði þar sem Sigurður Hafberg á Flateyri beið með sína kajak. „Ég hélt að innan við tíu myndu þora að róa



Ruth í Gamla bakaríinu kom með kókoslengjur.

en nítján reru og stóðu sig vel. Eftir þetta tókum við rúnt yfir á Flateyri og þaðan inn í göng. Þar blasti við okkur ótrúleg sjón. Úlfar Ágústsson í Hamra-

borg og Jósefína kona hans höfðu lýst upp stóra útskiðið í göngunum með kertaljósum og buðu okkur upp á veitingar. Fólk hreinlega kiknaði í hnján-

um við að sjá þetta.“ Mótinu lauk með kvöldvöku í skíðaskálanum í Tungudal. „Þetta tókst allt saman frábærlega. Þetta var í fjórða skiptið sem árgangurinn

hittist. Fyrst hittumst við á tíu ára fresti en núna erum við farin að þrá hvert annað svo mikið að við hittumst á fimm ára fresti“, segir Guðrún.

**Ásel**  
Garðvinna múrverk plöntur

opnunartími Garðplöntustöðvarinnar  
er 10-17 virka daga  
13-17. á laugardögum.  
Lokað á sunnudögum.-

Sláttur, eitrun, klipping  
863-8451

Hellulagnir  
863-3851

Fílslagnir & múrverk  
8631451

Garðplöntusala  
892-4337




**Hellulagnir, múrverk, plöntur... og öll Garðvinna**

# Bílasýning

hjá

# FMG

Bífreiðapjónustunni



Í tilefni þess að við erum nýr umboðsaðili Ingvars Helgasonar hf. og Bílhelma á Vestfjörðum höldum við veglega bílasýningu með bílum frá fyrirtækjunum helgina 31.mai - 1.júní næstkomandi frá kl. 12 -17.

Fulltrúar Ingvars Helgasonar og Bílhelma verða á staðnum og veita þér ráðgjöf við vel og fjármögnun á nýjum bíl.



Ingvar  
Helgason hf.



Bílhelmar



BÍFREIÐAÞJÓNUSTA

Sindragötu 3  
400 Ísafjörður

sími +356 4540  
ingh@nerpa.is  
www.bilasala.is



# SÆLKERAR VIKUNNAR

ER GABRÍELA AÐALBJÖRNSDÓTTIR  
OG JÓHANN BIRKIR HELGASON

## Nan-brauð, humar og ís

Við höfum ákveðið að hafa uppskrift vikunnar léttu rétti sem eru ekkert skyldir. Þar sem sól er farin að hækka á lofti langar okkur til að gefa ykkur uppskrift að nan-brauði sem er mjög gott að grilla úti í sólinni. Okkur finnst mjög gott að bera þetta fram með takkó-sósu og góðu rauðvíni. Einnig langar okkur að gefa ykkur uppskrift að ljúffengum humarrétti sem er tilvalinn við hvaða tækifæri sem er. Að lokum kemur uppskrift að virkilega góðum og gírnilegum ís sem er mjög fljótlegt að gera og gott að eiga í frysti.

### Nan-brauð

7-8 dl hveiti  
25 g ger (einn pakki)  
1 tsk salt  
1 tsk natrón  
1 msk olía  
3 dl vatn

Hnoðað saman og látið hefast í einn og hálfan til tvo tíma. Fletjið út svo að það verði um hálfur sentimetr á þykkt og skerið til með kleinuþjámi í litla hluta (svipað og smábrauð að stærð) og stingið með gaffli nokkrum sinnum í hvert brauð. Bakið síðan á þurri pönnu eða á útigrilli þar til brauðið er orðið falllegt á litinn.

### Humar Newburg

50 g smjör  
2 saxaðir laukar  
1 msk hveiti  
hálf tsk salt  
einn áttundi tsk paprika  
einn áttundi tsk cayennepipar  
4 dl rjómi  
2 eggjarauður  
50 g humar, skelflettur  
2 tsk sérrí



Látið laukinn krauma í smjörinu þar til hann verður mjúkur og glær. Bætið hveiti, salti og cayennepipar út í og blandið vel saman. Hellið rjómanum út á og hrærið vel í. Bætið humrinum út í, látið suðuna koma upp og sjóðið í 2-3 mínútur. Sláið eggjarrauðurnar sundur í skál og setjið ör-lítið af heitri sósunni saman við. Hellið þessu því næst í pottinn, bætið sérríinu út í og hitið að suðu. Hrærið í á meðan og gætið þess að ekki sjóði. Berið fram í litlum skeljum eða brauðkollum. Eins er gott að bera þetta fram með rist-uðu brauði.

### Ljúffengur ís með ferskum ávöxtum

1 lítri vanillu Mjúkís  
3-4 rommí-súkkulaðistangir  
ca. 1 dl sterkt kaffi  
fersk jarðarber, bláber, kíwí og vínber

Ísinn er látinn þjóna svolítið á borði. Síðan er kaffinu blandað saman við ásamt rommí-súkkulaðinu sem er brytjað smátt. Sett í hringlaga kökumót og látið í frysti. Ísinn er svo settur á disk og skreyttur með brytjuðum ávöxtunum sem komið er fyrir í miðju hringinsins.

Verði ykkur að góðu.

Við skorum á Rúnar Óla Karlsson og Nanný Örnú Guðmundsdóttur að koma með næstu uppskrift.

## Tölvupjónustufyrirtæki á Ísafirði taka upp samvinnu

# Netheimar og Snerpa semja um hýsingu búnaðar

Tölvupjónustufyrirtækin Netheimar og Snerpa á Ísafirði hafa gert samkomulag um aðgang Netheima að aðstöðu í vélasal Snerpu. Snerpa mun einnig leggja Netheimum til bandbreiðar tengingar fyrir vefþjóna á vegum Netheima. Með þessu munu Netheimar jafnframt tryggja sér og viðskiptavinum sínum aðgang að tvöföldu útlandasambandi Snerpu. Fyrst og fremst munu Netheimar nýta sér þessa aðstöðu til að bjóða viðskiptavinum sínum hýsingu á vefjum og gagnagrunnum undir Windows (.NET, ASP og MS SQL) umhverfinu en Netheimar sérhæfa sig m.a. í hönnun og rekstri á þessu sviði.

Netheimar munu einnig hafa aðgang að nafnþjónum

og annarri þjónustu hjá Snerpu sem gefur kost á að veita heildarlausnir fyrir viðskiptavinum. Þá fylgir einnig fullur aðgangur að varaafli á búnað og varasambönd á sama hátt og fyrir viðskiptavinum Snerpu.

„Með þessu samkomulagi eru fyrirtækin að nýta sér þá sérþekkingu og fjárfestingu sem til staðar eru í hvoru fyrirtæki. Hér er því um að ræða góða lausn fyrir báða aðila og sýnir að fyrirtæki geta haft með sér gagnlegt samstarf þrátt fyrir að þau eigi að hluta til í samkeppni á markaði“, segir Magnús Hávarðarson, framkvæmdastjóri Netheima.

„Við erum mjög ánægðir með þetta samkomulag“, segir Björn Davíðsson, þróunarstjóri hjá Snerpu. „Það gefur þjónustu okkar aukna breidd

og vegna þessa getum við bent á fleiri lausnir fyrir okkar viðskiptavinum. Þarna er ákveðin skörun á þeim sviðum sem við erum að sérhæfa okkur í, sérstaklega á sviði veflausna, og með þessu býðst mun meiri breidd í þjónustunni hjá báðum aðilum. Við höfum sérhæft okkur í veflausnum sem

byggjast á Linux stýrikerfinu. Stundum hefur komið fyrir að við höfum þurft að vísa frá okkur hluta verkefna sem heppilegra er að vinna í Windows umhverfi en með þessu fyrirkomulagi höfum við í raun fundið heppilegan farveg undir alhliða lausnir“, segir Björn Davíðsson.

## Endurbætur á íþróttasvæðinu á Torfnesi á Ísafirði

# Lyftistöng fyrir almenningsíþróttir

Björn Helgason, íþróttasvæðisstjórnari Ísafjarðarbæjar, segir endurbætur á íþróttavöllum á Torfnesi verða mikla lyftistöng fyrir almenningsíþróttir í bænum.

„Ég á von á því að þessi aðstöðubót eflí mjög starfsemi óformlegra hópa sem taki sig saman og nýti aðstöðuna, það er reynslan annars staðar.“

Í sumar verður tekinn í notkun

gervigrasvöllur og frjálfsíþróttastaða á Torfnesi. Stökkaðstöðuna verður einnig hægt að nýta sem körfubolta-völl en til staðar verða körfur á hjólum. Björn segir völlinn

verða 15x25 m að stærð en löglegur körfuboltavöllur sé litlu stærri eða 15x28 m.

„Þetta á eftir að skapa aðstöðu fyrir þá sem hafa ekki komist að, sagði Björn.

## KONA VIKUNNAR

### Heldur mest upp á Chelsea og Tiger Woods



**Nafn:** Anna Guðrún Sigurðardóttir.

**Fædd/-ur, hvar og hvenær:** Í Reykjavík í nóv. 1956.

**Atvinna:** Kaupmaður.

**Fjölskylda:** Eiginmaður Grétar Sigurðsson og börnin eru Anna Ragnheiður, Trausti Már og Sigurður Fannar.

**Helstu áhugamál:** Golfið er að ná tókum á mér.

**Bifreið:** Toyota Landcruiser.

**Hvernig bíl vildir þú helst eiga?** Toyota Landcruiser.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill?**

Ekkert sérstakt held ég.

**Uppáhalds matur?** Kjötsúpa og baunasúpa.

**Versti matur sem þú hefur smakkað?** Hræringur.

**Uppáhalds drykkur?** Gott rauðvín.

**Uppáhalds tónlist?** Celine Dion og sambærileg músík.

**Uppáhalds íþróttamaður eða félag?** Chelsea í enska boltanum og Tiger Woods.

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Ekkert.

**Uppáhalds vefsíðan?** bb.is

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Funny Girl með Barböru Streisand.

**Fallegasti staður hérlandis?** Glymur, hæsti foss á Íslandi og svæðið í kring.

**Fallegasti staður erlendis?** Nokkrir staðir í Barcelona.

**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Ekki held ég það.

**Uppáhalds heimilistækið?** Uppþvottavélin.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Að vera með góðum vinum.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna?** Óheiðarleiki að því að ég skil ekki tilganginn. Óheiðarleiki er bara til að valda leiðindum og sárindum.

**Hvað gerir þú til að láta þér líða vel?** Fer í heitt bað með ilmolíum.

**Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast?** Ég hugsa það.

**Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?** Þegar sonur minn læsti sig úti á náttfötunum.

**Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta?** Það er lítið hægt að gera á einum degi, en kannski væri hægt að klára göngustíginn inn í fjöð. **Lífsmóttó?** Vera ég sjálf og láta gott af mér leiða.

## Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópferðabifreið · eftirvagn

### Vestfirðingar athugið!

Námskeið til aukinna ökuréttinda hefst á Ísafirði föstudaginn 6. júní nk. ef næg þátttaka fæst.

*Aukin réttindi = auknir atvinnumöguleikar  
Takið þátt í góðgerinu sem framundan er!*

Ath! Breytingar eru væntanlegar á námskrá!

Uppl. í sínum 581 1919 · 898 3810 · 892 4124





# Annast smíði og uppsetningu tækja- búnaðar í Júlíus Geirmundsson ÍS



**Júlíus Geirmundsson ÍS 270.**

Vestfirsku fyrirtækin Póls hf. og Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. hafa gert samning um smíði á nýju flokkunarkerfi og snyrtilínu í frystitogarann Júlíus Geirmundsson ÍS 270. Samningurinn er sá stærsti sem Póls hf. hefur gert á þessu ári. Hörður Ingólfsson hjá Póls hf. segir það fagnaðarefni að H-G skuli hafa valið fyrirtækið til að

annast þetta verkefni. „Það er gaman að upplifa það að allt sem til þarf, alla þekkingu, sé hægt að fá hér á svæðinu. Við vinnum þetta verkefni í samstarfi við nokkra undirverktaka hér á Ísafirði, meðal annars 3X-Stál sem hefur náð góðum árangri í smíði á snyrtilínum“, segir Hörður. Auk þess sem samningurinn felur í sér smíði og

uppsetningu á nýju flokk-  
unarkerfi og nýrri snyrtilínu  
verður flutningskerfi  
endurskipulagð og endur-  
nýjað að stórum hluta.  
„Smíði í togarann er þegar  
hafin. Allt er forsmíðað áður  
og verður sett upp þegar  
skipið fer í slipp um eða upp  
úr miðjum júlfi“, sagði  
Hörður Ingólfsson, fram-  
kvæmdastjóri Póls í samtali  
við blaðið.

## Núi vegurinn yfir Ósinn í Bolungarvík

# Verklok væntanlega á undan áætlun

Vinna við lagningu nýja vegarins yfir Ósinn í Bolungarvík er hafin á ný eftir vetrarfrí. Hólsvélar ehf. í Bolungarvík annast verkið og segir Örnólfur Guðmundsson framkvæmdastjóri að líklega verði verklok á undan

áætlun.

„Ég á að skila verkinu af mér 15. september en mér sýnist að það verði eitthvað fyrr. Þetta hefur gengið nokkuð vel, alveg stórslysalaust. Næst á dagskrá er að færa ljósastaura og ráðast í ýmskonar frágang.

ganga frá fyllingum í veginn og leggja neðra og efra burðarlag. Þá geri ég ráð fyrir því að slitlag verði sett á veginn í júlí. Hvenær vegurinn verður opnaður veit ég ekki enda er það Vegagerðarinnar að ákveða það.“



*Frá framkvæmdum við nýja veginn.*



# Sjóarvakaárið

## Bolungarvík 2003

29. maí - 1. júní

### Ríó Tríó

### Sixties

Söngvarakeppni

Ljósmyndasýning

Veiðarfærasýning

Hátíðarkvöldverður

#### Fimmtudagur 29. maí

**KR. 18.00 — Kaffið sams**

Opnað veiðarfærasýning á veiðarfærum samt notað hafa verið í Bolungarvík fyrr og nú. Staðsetning auglýst á vefsíðu hátíðarinnar.

**KR. 19.00 — RÍÓ TRÍÓ**

Finnarben leggur til að hljómskiður tekið sé frá fyrri undirbúningi meðlaganarinnar og bjóður upp á kaffi eða káki með vöfflum og íssösu.

Sjómannaátelst í hátíðarútsinum

*Áður höfðu upplýsingar verið gefnar á Sjósmannadögum 2002*

[www.bolungarvik.is/hatidarkvoldur/sjomanir.html](http://www.bolungarvik.is/hatidarkvoldur/sjomanir.html)

Hönnun: Nathómar Orr

#### Föstudagur 30. maí

**KR. 17.00 — Í skólanum skólur**

Ljósmyndasýning/hátíðarkeppni sjómanna á kaffi og íssösu í Náttúrugripaskólinum

**KR. 20.00 — Sjór sjómanna kaffi og káki**

Söngvarakeppni 9-12 ára barna haldin í sal grunnskólans. Einsangis með yngri sjómannaflög. 7 orkuleir hljóði hljómskrútu skiptu við íslenska. Stafring í Finnabæ í alms 400 Tíð. Áttung á miðvikudag 28. maí kl. 18.00 í grunnskóla. Önnur hafa Fólga og Soffía Vagnadóttir

**KR. 23.00 — Sjómanna kaffi**

Hátíðarkeppni á Finnabæ. Áttung tekið lagið og sungið sjómannaflög. Textar á stafrum. Bændi Sjór verður áttungtekið með ríðum og hljómskrútu til orkuleir og hafi á t.v. önnur áttung

#### Laugardagur 31. maí

**KR. 10.00 - 12.00 — Sjómanna kaffi**

Kajakkeppni við Sýnirskólinum. Sjómanna kaffi og íslenska áttung Sjómanna kaffi verður á stafrum. Verð kr. 1.500,- pr. káki.

**KR. 13.15 — Sjómanna kaffi**

Fiskur og fyrri sjómanna kaffi í Finnabæ. Sjómanna kaffi og íslenska — ef sjómanna kaffi er áttung áttung og sjómanna kaffi sjómanna kaffi. Verð 750 kr. pr. mann. Hátíðarkeppni í Finnabæ

**KR. 14.00 — Sjómanna kaffi**

Sjómanna kaffi tekið upp á stafrum. Mörðug náð kl. 13.45

**KR. 20.00 — Sjómanna kaffi og káki**

Hátíðarkeppni verður 300 verkana, önnur sjómanna kaffi og sjómanna kaffi í Vátnum með sjómanna kaffi Sjómanna kaffi Gunnar Halldórsson. Verð kr. 1.500,-

#### Sunnudagur 1. júní

**KR. 10.15 — Sjómanna kaffi og íslenska**

Sjómanna kaffi á stafrum tekið upp áttung

**KR. 13.15 — Sjómanna kaffi**

Sjómanna kaffi í stafrum sjómanna kaffi og sjómanna kaffi Sjómanna kaffi. Áttungtekið verður sjómanna kaffi Sjómanna kaffi. Sjómanna kaffi sjómanna kaffi. Áttungtekið sjómanna kaffi.

**KR. 15.00 — Sjómanna kaffi**

Sjómanna kaffi sjómanna kaffi í Vátnum

**KR. 20.15 — Sjómanna kaffi**

Sjómanna kaffi í Vátnum. 10 ára sjómanna kaffi. Sjómanna kaffi í Finnabæ og Sjómanna kaffi Sjómanna kaffi. Verð kr. 2000,-

Hátíðarkeppni áttungtekið sjómanna kaffi.

# Nokkur orð um fyrirhugaðan varnargarð við Seljaland

Nú fer að líða að lokaversinu í byggingu snjóflóðavarnargarðsins í Seljalandsmúla hér á Ísafirði. Framkvæmdir hafa verið boðnar út og tilboð verið opnuð, þó ekki liggi enn fyrir hver hlýtur hnossioð þegar þetta er skrifað. Ég hef það á tilfinningunni að fólk almennt geri sér ekki grein fyrir hvar garðurinn kemur í landið, né hvar hann byrjar eða endar.

Ég efast einnig um að bæjarbúar almennt geri sér grein fyrir hvílíkt ofboðslegt jarðrask mun fylgja þessum framkvæmdum, sem ekkert okkar á auðvelt með að sjá tilgang í. Allur norðurhluti Múlans frá því rétt neðan við Skíðaskálann verður rifinn upp niður að brúnni á Skíðaveginum auk stórkostlegrar tilfærslu á jarðvegi, því þar verður allt efnið í garðinn tekið. Neðan vegarins verður einnig farið í báðar áttir við garðinn, tugi og á

stórum hluta yfir hundrað metra. Ofan við Skíðaveg utan Seljalandsár verða reistar nýu keilur til þess að taka mesta „áfallið“ af garðinum.

Allt er þetta algróið land með berjalyngi og trjárækt sem hefur tekið vel við sér á síðustu árum og mun taka áratugi að koma í líkt horf, gróðurfarslega séð.

Það er ekki sama landið þótt búið sé að strá yfir það grasfræi og stinga niður lúpínunum og komin á það græn og blá slíkja, að ég nefni ekki gjörbreytt landslag. Hvar skyldu náttúruverndarsamtökin hafa verið? Ætli þau hafi verið svo upptekin af eyðisöndum og jökklum annars staðar að þessu hafi bara verið skrúbbað út af borðinu og í ruslafötuna, hafi það einhvern tíma komist svo langt?

Sérfræðingarnir leyfðu víst náðarsamlegast styttingu á

garðinum um nokkra metra, þannig að ekki þarf að rífa Seljalandsbæinn, allavega ekki alveg strax. En ekki var hægt að sleppa beygjunni á garðinum neðan við Skíðavegin eða færa garðinn nokkra metra út eftir svo hann væri varinn líka. Hættan er víst svo mikil á ca. 3.000 ára fresti að þá hefði víst þurft að hækka garðinn um einhver ósköp, skilst mér, þrátt fyrir að Seljalandsbærinn sé búinn að standa á sama stað svo öruggt sé í að minnsta kosti 800 ár.

Og hvernig skyldi standa á að allar þessar framkvæmdir og rót er gert á þessum stað af þeim einna ólíklegustu hér við Skutulsfjörð? Ekki treysti ég mér til að skýra það. En ekki



Magni Guðmundsson.

er annað að sjá en að snjóflóðin sem féllu í Súðavík og á Flateyri 1995 og aðstæður á þeim stöðum hafi verið færðar beint yfir á flesta þá staði á landinu sem hættumat hefur verið unnið fyrir á undan-

förnum árum. Það er gert þrátt fyrir að á þeim tíma féll ekkert snjóflóð ofan þess svæðis sem garðurinn í Seljalandsmúla á að verja niður fyrir Skíðaveg.

Það virðist bara vera einblínt á eitthvert reiknilíkan af því sem gæti kannski skeð á þúsunda ára fresti. Þarna virðist sagan síðustu 800 ár alveg verða útundan.

Það er mjög alvarlegt hvað bæjaryfirvöld hafa lítið að segja í svona málum. Eftir því sem mér skilst hefur ekkert verið farið að tillögum þeirra eða hlustað á mat staðkunnugra. Allt er nú komið í lög frá Alþingi, til stofnana sem setja reglugerðir, sem sérfræðingar túlka síðan og móta sínar tillögur og gæta þess að allt sem

að þeim snýr sé alveg örugglega á hreinu.

Þeir sem vinna hættumatíð eru áreiðanlega ekki öfundsverðir af þeirri vinnu. En það er mín skoðun að þeirra aðalregla hafi verið: Sem lengst frá hlíðinni, og ef ekki, þá sem hæsta og lengsta garðana, þá erum við öruggir um að hafa ekki gert neina vitleysu.

Það er ég alveg sannfærður um, að enginn núlífandi Íslendingur mun nokkurn tímann sjá að þessi gríðarlega röskun og upprót muni hafa nokkurn tilgang. Á næstu öldum munu afkomendur okkar trúlega halda að þarna hafi einhver sægreifi látið byggja yfir sig og sína veglegt grafhýsi.



Seljalandshverfið á Ísafirði. Lengst til hægri er húsið Seljaland.

## Vormót Golfklúbbs Ísafjarðar

### Einar Gunnlaugsson sigraði

Vormót Golfklúbbs Ísafjarðar var haldið á laugar- dag í Tungudalsvelli. Alls mættu um fimmtán kylfingar til leiks og fóru átján holar en leikið var með punktiformi.

Ísfirðingurinn Einar

Gunnlaugsson varð hlutskarpastur og hlaut 50 punkta. Páll Guðmundsson frá Golfklúbbi Bolungarvíkur varð í öðru sæti með 42 punkta og Vilhjálmur Antonsson á Ísafirði varð þriðji með 39 punkta.



## Kennari

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir kennara til að sinna kennslu fatlaðs einstaklings á starfsbraut skólans næsta vetur. Um er að ræða 15-20 kennslustundir á viku.

Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 86/1998 um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og KÍ frá 7. janúar 2001.

Umsóknarfrestur er til 6. júní nk.

Nánari upplýsingar gefa Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari í síma 450 4401 eða Emil Emilsson, umsjónarmaður brautarinnar í síma 450 4408.

## 80 ár frá upphafi rækjuveiða og vinnslu á Íslandi

### Rækjuhátíð haldin á Ísafirði í sumar

Verið er að undirbúa rækjuhátíð sem haldin verður á Ísafirði dagana 7. til 10. ágúst. Tilefnið er að 80 ár eru liðin frá upphafi rækjuveiða við Ísland. Þær hófust í Ísafjarðardjúpi og hefur Ísafjörður frá upphafi gegnt lykilhlutverki í sögu rækjuíðnaðar á Íslandi. Skipulag hátíðarinnar er í

höndum atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar og hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar en hún verður samvinnuverkefni fjölmargra aðila í tengslum við sjávarútveg, Bygðasafns Vestfjarða, ferðaþjónustufólks og veitingamanna.

Ætlunin er að vera með sérstaka sýningu um sögu veiða

og vinnslu á rækju í Bygðasafninu en meginþungi dagskrárinnar verður á hafnar- svæðinu. Að auki verða í boði fjölbreyttir rækjuréttir á veitingahúsum bæjarins og ýms- um fróðleik um rækjuíðnaðinn miðlað.

Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar,

segir ánægjulegt hversu vel fyrirtæki og stofnanir í bænum hafi tekið hugmyndinni en rækjuhátíðin hafa alla burði til að verða bæði fróðleg og skemmtileg. „Það er verið að hnýta lausa enda en við stefnum að því að hefja formlega kynningu dagskrár í byrjun júní“, sagði Rúnar.

## Eignarhaldsfélagið „Göltur Holding“

### Gerir upp íbúðarhúsið við Galtarvita

Göltur Holding, félag eigna- enda Galtarvita, hyggur á viðgerðir á húsakostinum við vitann og verður núna í mánaðar- lok farið með efni og birgðir til viðgerðanna. Ólafur Jónas- son kvikmyndagerðarmaður frá Ísafirði festi kaup á Galtar-

vita árið 2001 ásamt móður sinni, Þórdísi Guðmundsdóttur, og manni hennar, Halldóri Guðmundssyni, sem búsett eru á Ísafirði. Síðar stofnuðu þau Göltur Holding í félagi við þá Einar Þór Gunnlaugs- son, Benedikt Gunnarsson,

Guðmund Konráðsson og Hermann Þorsteinsson. Markmiðið er að gera upp staðinn og koma til fyrra horfs. Ólafur segir að þrátt fyrir að lítið hafi verið átt við íbúðarhúsið á síð- ustu ár sé það í þokkalegu standi.

„Við þurfum þó að koma við töluverðu viðhaldi til að þetta verði í góðu horfi. Ætlunin er að fara á stórum báti og ferja efni í land og koma því upp að húsinu. Við áætlu- um að taka einn dag í þetta“, segir Ólafur.



# „Viðbótarlífeyrissparnaður er hagstæðasti sparnaður sem völ er á“

– segir Magnús Sigurjónsson útibússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði

Verðbréfaráðgjafar frá Íslandsbanka-Eignastýringu verða til viðtals í útibú Íslandsbanka á Ísafirði frá kl. 12 til 16 á föstudaginn og veita aðstoð við val á sparnaðarleiðum. „Við hjá Íslandsbanka viljum mæta öllum fjármálalegum þörfum viðskiptavina okkar og þess vegna er þjónustan mjög fjölbreytt. Við teljum því að það sé mikill styrkur að geta boðið viðskiptavinum okkar sérfræðiþjónustu á ólíkum sviðum í heimabyggð“, segir Magnús Sigurjónsson, úti-

bússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði.

Magnús segir að Íslandsbanki á Ísafirði bjóði viðskiptavinum sínum fjölbreytta verðbréfaþjónustu. Hann nefnir þar meðal annars kaup og sölu verðbréfa, reglulegan sparnað í verðbréfum og vörslu verðbréfa. „Auk þess býðst viðskiptavinum að greiða lífeyrissjóð og viðbótarlífeyri í Almenna lífeyrissjóðinn sem rekinn er af Eignastýringu Íslandsbanka. Í boði er fjölbreytt úrval verðbréfasjóða en þeir eru sérlega

góð sparnaðarleið og henta vel í bland við sparireikninga til að byggja upp öflugt eignasafn“, segir Magnús.

Hann segir að helstu kostir verðbréfasjóða sem sparnaðarforms séu mikil áhættudreifing og góð ávöxtun. Líkt og með sparireikning er hægt að spara reglulega í verðbréfum með áskrift. „Til að geta átt viðskipti með verðbréf er nauðsynlegt að eiga vörslureikning en á honum er haldið utan um verðbréfaeign viðskiptavina á rafrænu formi. Hægt er að stofna vörslureikn-



Magnús Sigurjónsson.

ing með því að skrifa undir vörslusamning í útibú Íslandsbanka.“

Eitt mikilvægasta skrefið til að ná árangri segir Magnús að sé að setja sér skýr og raunhæf

markmið, bæði til skemmri og lengri tíma. „Við val á fjárfestingarkostum skiptir fjárfestingartíminn miklu máli. Þannig skiptir miklu máli, ef sparað er til skamms tíma, að ávöxtun sé örugg. Alltaf fylgir því einhver áhætta að fjárfesta í verðbréfum. Hún felst einkum í að gengi verðbréfa getur lækkað þegar lítið er til skamms tíma. Ef ætlunin er að byggja upp eignir markvisst til langs tíma borgar sig að velja nokkrar ávöxtunarleiðir í einu. Kostir þess eru annars vegar að áhættan dreifist og hins vegar að mögulegt er að ná hærri ávöxtun. Að síðustu

er mikilvægt að skoða verðbréfasafnið sitt að minnsta kosti einu sinni á ári og hvenær sem persónulegar aðstæður breytast.“

Magnús segir að lokum að hjá Almenna lífeyrissjóðnum sé bæði hægt að greiða lágmargiðgjöldin og viðbótarlífeyrissparnað. Hægt er að velja ávöxtunarleið sem hentar hverjum og einum. „Viðbótarlífeyrissparnaður er hagstæðasti sparnaður sem völ er á. Enginn ætti að láta það sparnaðartækifæri fram hjá sér fara“, segir Magnús Sigurjónsson, útibússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði.

## Margvísleg umferðarlagabrot í umdæmi Ísafjarðarlögreglu

### Kærður og sektaður fyrir næturakstur í Buná í Tungudal

Aðfaranótt sunnudags hafði lögreglan á Ísafirði afskipti af öikumanni sem af einhverjum ástæðum var að reyna að komast á bíl sínum yfir Buná í Tungudal í Skutulsfirði. Eitthvert jarðrask mun hafa hlotist af þessum tilraunum mannsins og verð-

ur hann kærður og sektaður fyrir akstur utan vega. Þá voru 12 öikumenn teknir fyrir of hraðan akstur í síðustu viku, þar af nokkrir í Vestfjarðagöngum.

Öikumenn sem reyndust ekki vera með ökuskrteinið meðferðis voru 22 og fjórir

voru teknir við akstur án öryggisbelta. Einn var kærður fyrir að tala í farsíma undir stýri án þess að nota handfrjálsan búnað. Auk þess hafði lögregla afskipti af öikumönnum fjögurra bifreiða vegna þess að ljósa-búnaði var áfátt.



## Stuðningsfulltrúar fatlaðra brautskráðir

### Stunduðu bæði fjarnám og staðnám á Ísafirði

Stuðningsfulltrúar sem starfa hjá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum brautskráðust á föstudag eftir 160 klukkustunda starfsnám sem fór fram bæði í fjarkennslu og staðkennslu í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Smári

Haraldsson forstöðumaður Fræðslumiðstöðvarinnar segir tæplega 100 stundir hafa verið kenndar í gegnum fjárfundabúnað frá símenntunarmiðstöðinni Framvegis í Reykjavík.

Stuðningsfulltrúar á sams-

konar námskeiði á Austfjörðum tóku einnig þátt í þeim tímum. Rúmlega sextíu tímar voru kenndir í staðnámi á Ísafirði. Kallaðir voru til leiðbeinendur af svæðinu nema í einu tilviki þegar leiðbeinandi kom að sunnan.

## Siglingadagar á Ísafirði síðari hluta júlí

### Viðamikil dagskrá

Siglingadagar verða haldnir á Ísafirði 18. til 27. júlí og stendur skipulagning hátíðarinnar nú yfir. Dagskrá er ekki enn fullmótuð en hefur verið „grófformuð“, eins og Úlfar S. Ágústsson, skipuleggjandi Siglingadaga, komst að orði.

„Til stendur að halda svo kallaða sjóípróttá-fjórþraut, bæði fyrir karla og konur. Keppni hefst með því að menn róa á kajökum úr fjörunni við Stjórnsýsluhúsið yfir að Ásgeirsbakka. Þar varpa þeir sér í sjóinn og synda að bakkanum og klifra upp friðholtið. Þá hlaupa keppendur yfir að smá-

bátahöfninni þar sem þeir hoppa aftur í sjóinn og synda út að fleka í höfninni. Þar komast þeir á sjópotur og fara á þeim í endamark á Pollinum.“

Kajakíþróttir verða fyrirferðarmiklar á Siglingadögum. Leiga verður starfrækt alla dagana. Þá verða sýningar og tvær tveggja daga ferðir, önnur í Jökulfirði en hin að Foflafæti, í Ögur og út í Vigur. Einnig verður keppt á kajökum á Pollinum, bæði í karlaflokki og kvennaflokki og vegalengdunum 3,5 km og 10 km.

Auk ofangreindra viðburða verða dansleikir á skemmti-

stöðum Ísafjarðar og veitingahús bæjarins bjóða upp á sérstaka matseðla. „Tvö skemmtiferðaskip verða í höfn seinni helgi hátíðarinnar og vonandi verður hraðbátarall á Pollinum“, segir Úlfar, sem ráðinn var til að annast skipulagningu og framkvæmd Siglingadaga.

„Þá er nauðsynlegt að minnast á siglingadag fjölskyldunnar sem verður fyrri sunnudag hátíðarinnar. Þar verður allri fjölskyldunni boðið að fara á sjó á einn eða annan hátt, hvort sem það er á kajak, seglbát, sjóskíðum eða hver veit hvað“, segir Úlfar.



Verðlaunahafar á U.S.-mótnu hjá Golfklúbbi Bolungarvíkur. Mynd: Baldur Smári Einarsson.

## U.S.-mótið á Syðridalsvelli í Bolungarvík

### Wirot og Bjarni sigruðu með og án forgjafar

Bjarni Pétursson (GBO) sigraði án forgjafar á U.S.-mótnu í golfi á Syðridalsvelli í Bolungarvík í gær. Bjarni vann Sigurð Fannar Grétarsson (GÍ) í umspili en þeir léku báðir 18 holurnar á 77 höggum. Wirot Khiansanthia (GBO) sigraði þegar lítið var til forgjafar og

sprengna en hann lék holurnar 18 á 56 höggum. Í öðru sæti var Kristinn Gauti Einarsson (GBO) á 57 höggum, Sigurjón Rögnvaldsson (GBO) þriðji á 59 höggum og Þorsteinn Guðbjörnsson (GGL) fjórði á 61 höggi. Golfklúbbur Bolungarvíkur gekkst fyrir mótnu sem fór fram við mjög góðar að-

stæður.

Veður var gott auk þess sem Syðridalsvöllur hefur komið mjög vel undan vetri. Í U.S.-mótnu léku kylfingar högggleik með og án forgjafar auk þess sem tillit var tekið til sprengna þegar veitt voru verðlaun fyrir högggleik með forgjöf.

# Amerískir lúðuveiðimenn við Vestfirði

Enski presturinn og rithöfundurinn Ebenezer Henderson var á ferðalagi um Dýrafjörð og Öndarfjörð um miðjan júní árið 1815. Í ferðabók hans má lesa eftirfarandi: *Í þessum hluta landsins er fólkið að heita má afskorið frá öllu samneyti við erlenda menn ...* (bls. 298).

Við hugleiðingu þessara ummæla komst undirritaður að þeirri niður-stöðu að hér væri nánast um öfugmæli að ræða. Sennilega hafa fá eða engin héruð á landinu haft viðlíka mikið samskipti við erlenda menn og Dýrfirðingar. Á norsku öldinni sigldu norskir kaupmenn til Dýrafjarðar, síðar komu Englendingar, Þjóðverjar, Danir, Spánverjar, Hollendingar, Frakkar, Færeyingar, Amerikanar, þá aftur Norðmenn og loks erlent verkafólk af ýmsu þjóð-erni. Fulltrúar allra þessara þjóða höfðu mikil samskipti við Dýrfirðinga.

Grein sú sem hér fer á eftir fjallar um einn lítinn þátt þessara samskipta Dýrfirðinga við erlendar þjóðir, þ.e. við lúðuveiðimenn frá Gloucester í Bandaríkjunum. Hér er nánast um úrdrátt að ræða úr nokkrum köflum MA-ritgerðar undirritaðs frá 2002 um þetta efni.

Aftan við greinarkornið eru svo birtar glefsur úr dagbók skipverjans Alex D. Bushie, sem hann ritaði í Íslandsleiðangri 1890 með lúðuveiðiskonnortunni **Concord**. Skipstjóri í þeim leiðangri var John Baptiste Duguo, ameríkumaður af frönskum ættum (ritháttur nafns hans er með ýmsu móti: Daygo, Dago, Diggo, Diego o.fl.).

## Fyrstu ferðirnar

Nær allar amerísku skonnorturnar sem stunduðu lúðuveiðar hér við land komu frá bænum Gloucester á norðausturströnd Bandaríkjanna. Mikill hvatamaður að þessum veiðum var J.W. Collins, reyndur skipstjóri frá Gloucester og um og eftir 1880 orðinn starfsmaður bandarísku fiskveiðinefndarinnar (The United States Commissioner for Fish and Fisheries) í Washington D.C. Collins gerir grein fyrir tilraunaleiðangri til Íslands árið 1873 í skýrslu bandarísku fiskveiðinefndarinnar fyrir árið 1884:

*Eina ameríska fiskiskipið sem til þessa hefur heimsótt Ísland er skonnortan Membrino Chief, skipstjóri John S. McQuin. Hann fór þangað 1873 í saltlúðuleiðangur, en lagði lóðir sínar aðeins einu sinni. Þess vegna fékk hann líta eða enga vitneskju um lúðugegndina. Þessi mistök við að afla veiðireynslu hafa haft áhrif á aðra í þá veru að koma í veg fyrir að þeir færu í leiðangur á sömu slóðir. (lausl. þýðing V.H.G.).*

Það sem beindi augum Gloucestermanna til Íslands á nýjan leik voru upplýsingar frá enskum fiskimönnum. Collins hafði viðdvöl í Englandi árið 1880 og einnig 1883 er hann var á fiskveiðisýningu í London. Hann hafði tal af mönnum sem stunduðu þorskveiðar við Ísland og fékk hjá þeim upplýsingar um mikla lúðugengd á Íslandsmiðum. Collins lét svo ekki deigan síga með að hvetja Gloucestermenn til að stefna á Íslandsmið. Það sem ýtti þarna undir var aflasamdráttur á nálægum miðum og við Grænland, svo og góður markaður fyrir lúðuafurðir.

Lúðuveiðar Ameríkumanna við Íslands höfust með leiðangri þriggja skonnorta frá Gloucester til landsins árið 1884. Þetta voru: **Concord**, **Alice M. Williams** og **David A. Story**. Concord fékk fyrirgreiðslu í Reykjavík en hinar skonnorturnar á Ísafirði. Skipin reyndu fyrir sér víða fyrir Vestfjörðum og austur um að Grímsey. Sextán menn voru á hverju skipi og öll voru þau með 7 doriur. Tveir menn voru á hverri doriú. Þeir lögðu línu með 450-800 krókum úr doriunni í námunda við skonnortuna. Eftir hverja lögn var farið með aflann um borð í móðurskipið. Þar var gengið frá honum og línan beitt. Dorirnar voru hafðar um borð þegar ekki var verið að veiða.

Allar þrjár skonnorturnar veiddu vel, t.a.m. Alice M. Williams 162.000 pund saltlúðuflok og 65 tunnur með rafabeltum. Þetta lagði sig á 8.327 dollara og var hlutur áhafnar 268 dollarar. Útkoman var heldur lakari hjá hinum skipunum. Heimferðin tók 18 daga hjá Concord en 20 og 23 daga hjá hinum.

Þessi leiðangur hafði tekist vel. Það varð til þess að framhald varð á þessum veiðum næstu 13 árin og fljótlega fór Dýrafjörður og Dýrfirðingar að koma við sögu. Lítillega urðu Dýrfirðingar varir við leiðangurinn 1884. Það var fræðimaðurinn mikli á



Höfða, Sighvatur Grímsson Borgfirðingur, sem greindi frá fyrstu kynnum Dýrfirðinga við ameríska lúðuveiðimenn, sem vítað er um með öruggri vissu. Pann 12. júlí árið 1884 kom fiskiskútan „Sautjándi maí“ inn á Þingeyri. Um borð voru tveir Ameríkumenn *sem fundust á Doriú út á hafi, viltir frá skipi sínu.*

Árið 1885 sóttu 5 skonnortur frá Gloucester á Íslandsmið. Óupplýst er hvar þær fengu fyrirgreiðslu hér í landi, en það er líklegt að það hafi verið á Ísafirði, því hér voru á ferðinni tvö af skipunum sem sóttu þangað þjónustu árið 1884. Það sem nær útilokar að amerískir lúðuveiðimenn hafi haft bækistöð á Þingeyri 1885 er það að Sighvatur fræðimaður á Höfða nefnir þá ekki á nafn í dagbók sinni það ár, önnur eins nýlunda og þetta mundi hafa verið í Dýrafirði. Hann getur þeirra hins vegar meira og minna frá árinu 1886-1897 eða þar til þeir hætta hér veiðum.

## Lúðuveiðimenn koma til Þingeyrar

Þótt lúðuveiðiskipin hafi ekki haft fasta bækistöð á Þingeyri árið 1885 er næsta víst að eitt eða fleiri þeirra hafa slæðst þangað inn. Það sem staðfestir þetta er að ung stúlka, Ingibjörg Bjarnadóttir í Nýjabæ á Þingeyri, varð þunguð af völdum amerísks sjómanns, væntanlega seint í maí. Barnið fæddist 25. febrúar 1886. Það var stúlka sem hlaut nafnið Evfemía Ingisól. Móðirin lýsti föður *Edward Ingersoll stýrimann á ameríkönsku fiskiskipi*. Stúlka þessi lést 8. júlí 1887.

Ekki fer á milli mála að Gloucestermenn höfðu valið Þingeyri sem þjónustumiðstöð vegna veiða sinna hér við land 1886. Fjögur skip stunduðu veiðarnar það ár.

Sighvatur getur oft um Ameríkumennina þetta árið og þeir meira að segja heimsóttu hann yfir að Höfða oftar en einu sinni: *Jakobsen og Tomson frá Ameríku komu með 2 stór heil-agfiskihöfuð, þeir skrifuðu hér stutt æviágrip sín*. Fróðlegt væri að vita hver voru tildrög þess að hinir amerísku sjómenn fóru að færa fræðimanninum á Höfða í soðið. Hitt er í anda Sighvats að vilja fræðast um lífshlaup hinna framaní gesta. Þeir heimsóttu Sighvat í annað sinn tæpum mánuði seinna: *- um kveldið komu þeir Jakobsen og Tomson og keyptu 4 potta mjólk ...*

Dýrfirðingar höfðu aldagamla reynslu af samskiptum við útlanda sjómenn, en það kom fljótt í ljós að samskiptin við Ameríkumenn urðu strax meiri og nánari en tilfellið var um sjómenn annarra landa. Amerikanarnir gerðu sig strax heima-komma á Þingeyri, sem sést best á því að þeir eignuðust þar afkomanda strax 1886 og margir fleiri fylgdu í kjölfarið. Þá varð þróunin sú að Dýrfirðingar komust í skiprúm hjá Könum og fengu þar betra atlati í þrifnaði, mat, drykk og launum en þeir höfðu áður reynt.

Niels Chr. Gram kaupmaður á Þingeyri var amerískur konsúll: *Með konungsbréfi dagsett 2. ágúst þ.d. [1886] var kaupmaður N. Chr. Gram viðurkenndur sem konsularagent á Dýrafirði fyrir Bandaríkin í Vesturheimi.*

Lúðuveiðimenn völdu ekki Þingeyri sem þjónustumiðstöð sína vegna þess að þar væri amerískur konsúll, heldur var Gram útnefndur konsúll vegna þess að hann hafði tekið að sér fyrirgreiðslu fyrir ameríska sjómenn. Þingeyri lá vel við lúðumiðum, þar var rekin öflug verslun, Gram og Wendel, verslunarstjóri hans, voru dagnaðarforkar og á Þingeyri var rekið hótél. Allt þetta kann að hafa stuðlað að því að Gloucestermenn völdu Þingeyri sem þjónustumiðstöð. Gram reisti sérstakt hús á Þingeyri til að geta betur þjónað hinum amerísku sjómönnum. Hús þetta var sennilega reist 1887 og var jafnan nefnt Ameríkanahús eða bara Kaninn.

Lærður læknir kom fyrst til starfa á Þingeyri 1888. Hann hét Oddur Jónsson og hefur sjálf sagt verið bærilega að sér í læknislistinni. En hann átti við vanda að etja, drykkjusýki. Strax fyrsta haustið á Þingeyri var hann kominn með leiðinlegan stimpil á sig. Þjóðviljinn birti t.a.m. eftirfarandi kafla úr bréfi frá Dýrafirði:

*Nú höfum vér þá fengið aukalækni sællar minningar, en það er galli á gjöf Njarðar, að maðurinn má heita meðalalaus og getur því lítið líknað þeim, sem leita hans; sagt er, að ódrjúgust vilji verða hjá honum þau meðul, sem spíritus þarf til, og ekki kvad hann heldur fá keyptan einn dropa af spíritus á Þingeyri nú orðið ...*

Þrátt fyrir þessa vankanta má ætla að Oddur læknir hafi bætt úr brýnni þörf fyrir læknisþjónustu í Dýrafirði og þá einnig hjá hinum amerísku sjómönnum.

## Ávinningur Dýrfirðinga af samskiptum við lúðuveiðimenn

Segja má að ávinningur af samskiptum Dýrfirðinga við amerísku lúðuveiðimennina hafi verið af ýmsu tagi. Hótelið var samkomustaður lúðuveiðimanna þegar þeir voru í landi, og það hefur væntanlega haft af því tekjur. Sýnt hefur verið fram á að ölsala á Þingeyri var mun meiri á Kanatímabilinu en fyrir það og eftir. Árið 1884 var salan 700 lítrar, 1893 voru seldir 9600 lítrar og 1897, þegar aðeins ein skonnorta kom til Þingeyrar, var salan 2300 lítrar.


Og Gramsverslun seldi Könum fleira en öl. Í Skútuöldinni orðar Gils Guðmundsson þetta svo:

*Seldi Gram þeim flest, sem nöfnum tjáði að nefna, þarft og þarf laust, ætt og óætt. ... Allar vörur greiddu Ameríkumenn í dollurum og var það ekki dæmalaust að úttekt einstakra skipverja næmi 100 dollurum um sumarið. ... hefur eflaust dropið*



Sigurður Magnússon læknir á Þingeyri og eiginkona hans, Ester Helga Hansen. Ljósmynd: Mannlíf og saga, 8.





*Lúðuveiðiskonnortan Concord. Skipstjóri á henni var John Baptiste Duguo. Ritháttur nafns hans er með ýmsu móti, svo sem Daygo, Dago, Diggo og Diego, en af honum er Diego-ættin á Íslandi komin.*

*drjúgum í vasa Grams úr þessari tekjulind.*

Almennt er talið að það séu Ameríkumenn sem fyrstir út-veguðu Dýrfirðingum gúmmístígvél og þau urðu strax ákaflega eftirsótt og fyrir þau greitt hátt verð, 13-14 krónur:

*Sjómönnum þótti mikið á milli sjá, hvað þau voru betri og þægilegri en skinnsockarnir og leðurstígvélin, sem þeir höfðu áður átt að venjast. Reyndu flestir sjómenn vestra, allt hvað þeir gátu að ná sér í slík stígvél, og varð það til þess, að Ameríkanar juku innflutning sinn á þeim með ári hverju.*

Þetta hefur Lúðvík Kristjánsson eftir sjómönnum sem voru með Könum. En það voru ekki bara sjómenn sem þráðu að eignast gúmmístígvél. Allir sem vettlingi gátu valdið vildu eignast þau. Í fyrsta skipti frá því land byggðist höfðu nú opn-ast möguleikar á að fólk gengi um mýrar og móa þurr í fætur-na. Jafnvel konur vildu eignast stígvél. Þegar verið var að bjóða upp eignir látinna Dýrfirðinga undir lok 19. aldar eru stígvél þeirra með verðmætustu munum.

Þórdís Jónsdóttir vinnukona í Villingadal á Ingjaldssandi andaðist 24. júlí árið 1896. Hún lét eftir sig stígvél sem virð-ingamenn Mýrahrepps mátu á 3 krónur. Á uppboði á eignum Þórdísar bauð hins vegar Davíð Davíðsson á Álfadal í stígvélin 6 krónur og 10 aura. Þess má geta til samanburðar að líkræðan yfir hinni látnu kostaði 4 krónur, vinna við smíði kistunnar 5 krónur og efnið í hana kostaði 7 krónur. Gúmmístígvélin voru ýmist nefnd stígvél eða vatnsstígvél.

Ingimundur Teitsson á Gemlufalli lést 2. janúar 1897. Vatns-stígvél hans voru virt á 8 krónur, en á uppboði 13. febrúar feng-ust bara 5 krónur fyrir þau. Annars hélt verð á gúmmístígvélum hátt og líklega hefur verið þ hækkað þegar Ameríkumenn hættu að koma. Sumarið 1904 fór fram uppboð á dánarbúi Eyjólf's Bjarnasonar á Lækjarósi. Vatnsstígvél hans fóru á 8 krónur og 50 aura, en harmonika á 7 krónur. Hana keypti Jón Gabríelsson á Fjallaskaga.

Einstaklingar fengu oft í soðið hjá Könum og þá einkum lúðuhausa. Einnig fengu menn hjá þeim ýmislegt til útgerðar: *... ég keypti mikið affærum af John Dago, ameríkanska, skráir Sighvatur fræðimaður í dagbók sína og hann bætir við: Jón hju hju og Pétur minn dróu lóðina og fengu 6 kola, en fóru til Am-eríkumanna og fengu þar soðningu.*

Þó Dýrfirðingar hafi almennt notið góðs af beinum verslunar-viðskiptum við Ameríkumenn, haft hag af eflingu Gramsversl-unar og fengið í soðið hjá Könum, þá verður að telja að launa-greiðslur Ameríkumanna til dýrfirskra sjómanna sé það sem fyrst og fremst hafði eitthvert efnahagslegt vægi fyrir þá. Ekki er auðvelt að ákvarða hverjar urðu heildartekjur Dýrfirðinga á þessum lið á lúðuveiðatímabilinu. Vitað er hvað einstakir menn höfðu í laun. Þeir voru ýmist ráðnir fyrir 100 krónur á mánuði eða 100 dollara yfir sumarið, en það samsvaraði 360-380 íslenskum krónum.

Það eru árin 1889-1895 (sjö ár) sem Íslendingar eru að ein-hverju marki starfandi á lúðuveiðiflotanum. Meðalfjöldi skipa

þennan tíma var 9½ skip á ári og eru þá ekki talin skipin sem sukku í hafi. Misjafnt var hve margir Íslendingar voru ráðnir á hvert skip, ef til vill enginn á sum en allmargir á önnur. Undir-ritaður hefur áætlað að 2 Íslendingar hafi verið á hverri skonn-ortu að meðaltali árin sjö 1889-1895. Einstakir Íslendingar kunna að hafa slæðst um borð hjá Könunum utan þessa tíma-bils en vega ekki þungt í heildarmyndinni. Því verður tilgáta um heildarlaun Íslendinga á ameríska lúðuveiðiflotanum þessi: 2 x 9½ x 7 x 100 = 13.300 dollarar. Sé stuðst við sama gengi á dollaranum og Gram notaði 1888 verða þetta 13.300 x 3,8 = 50.540 krónur. Það voru nær eingöngu Vestfirðingar sem réð-ust á lúðuveiðiskipin og þá einkum Dýrfirðingar.

Fimmtíu þúsund krónur eru ekki mikill auður í dag, en á seinasta áratug 19. aldar voru þetta umtalsverðir fjármunir. Kristinn Guðlaugsson, bóndi og félagsmálafrömuður á Núpi, flutti til Dýrafjarðar 1892. Hann lét eftir sig fróðleg skrif,um aðstæður allar, þegar hann kom þangað á miðju Kanatímabilinu. Þar kemur fram að árslaun karla í vist hjá bændum hafi verið 40-60 krónur um þessar mundir. Ekki er að undra þótt vinnu-menn á þessum kjörum leituðu fast eftir skiprúmi hjá lúðuveið-i mönnunum amerísku, þar sem þeir fengu sex- til tífföld vistarárs-laun á einni sumarvertíð.

Að framansögðu er ljóst að lúðuveiðimennirnir frá Gloucester færðu Dýrfirðingum umtalsverð efnisleg gæði. Þeir juku þeim einnig víðsýni á mörgum sviðum, kenndu þeim margt gagnlegt



*Fiskverkunarstúlkur á Þingeyri um aldamótin 1900. Svanborg Pálsdóttir er önnur frá vinstri í fremstu röð. Ingibjörg Bjarnadóttir er sjöunda frá vinstri í annarri röð. Ljósmynd: Skútuöldin IV.*

og auðguðu genaflóru þeirra umtalsvert og skal nú vikið að þessu síðastnefndu.

#### Ástandsár í Dýrafirði

Því verður ekki neitað að rétt fyrir aldamótin 1900 fengu Dýrfirðingar, og þá einkum konur á Þingeyri, það orð á sig að lauslæti og léttúð í kynferðismálum væri þar meiri en annars staðar þekktist hér á landi. Athyglisvert er að dýrfirskar konur fá ekki á sig lauslætissimpilinn fyrr en lúðuveiðimennirnir frá Gloucester komu til sögunnar. Um aldir hafði þó Dýrafjörður verið fjölsóttur veiðkomustaður erlendra fiskimanna án þess að konurnar þar fengu af þeim órð. En þær kolféllu fyrir Könunum. Sigurður, sonur Jóhannesar Ólafssonar hótelhaldara á Þingeyri, hafði skýringu á reiðum höndum:

*Þá varð til nokkurskonar ástand hér, en aðrir Íslendingar þekktu það ekki fyrr en í stríðinu. Við vorum þetta langt á und-an! Og aldrei varð ég hissa á því þótt kvenþjóðin yrði spennt fyrir þessum Amerikönum, því þetta voru svoddan flottheita menn. Allir upp áfín fót með harða hatta meira að segja. Þess-ir menn gengu svo á hótelið og drukku þar til þeir urðu vel samkvæmishæfir. Síðan var farið að halda dansleik um kvöldið og þið getið nú ímyndað ykkur hvort kvenfólkið vildi ekki koma og vera með þessum drengjum. Og þegar ég hugsa út í það, þá var mikill munur að sjá þessa menn, hvað þeir voru flott upp á alla vegu, heldur en blessaðir Íslendingarnir, þó ungir væru, ... Það var dálítill munur. Þarna var dansað frameftir kvöldum, en alltaf endaði það upp á sama veg, með slagsmálum.*

Amerísku skúturnar voru glæsileg skip og á orði var haft hve hreinlæti væri mikið þar um borð og matur mikill og góður. Hvað þetta varðaði stóðust önnur skip á Íslandsmiðum engan samjöfnuð. Íslendingum þótti hart í fyrstu eftir að þeir fengu skiprúm á amerísku skonnortunum, *að meiga ekki vaða um hásetaklefann slorugir upp fyrir haus og hafa ekki einu sinni leyfi til að hrækja á gólfíð! En þetta vandist, ... og þótti mörg-um gott að búa við snyrtimennskuna þegar frá leið.*

Það var því snyrtimennska og frjálsmannlegt fas amerísku lúðuveiðimannanna sem stúlkurnar féllu fyrir. Barneignir sem fylgdu í kjölfarið hneyksluðu marga. Spunnust um þetta blaða-skrif einkum 1894 og 1895 í kjölfar greinar dansks læknis, dr. Ehlers, í „Ugeskrift for læger“. Þar segir hann frá komu sinni til Þingeyrar sumarið 1894. Sigurður Magnússon læknir á Þingeyri gekk með honum um plássíð og fræddi hann um ýmislegt sem fyrri augu bar og taldi sig vera að tala trúnaðarmál við hinn danska lækni. Nefndi hann að eitt hús í plássinu væri kallað Bordellið og annað Nunnuklaustrið. *Við annan kofann [Bordellið eða Nunnuklaustrið] var dálítill ljómandi fallegur, svarthærður og svarteygur drengur að leika sér - bersýnilega frakkneskur, og eptir því, sem lækninginn[Sigurður Magnússon] sagði, var einnig ameríkanskt barn í sama kofanum; ...* Sig-urður læknir hafði látið þess getið við dr. Ehlers að nokkuð hefði orðið vart kynsjúkdóma á Þingeyri.

Yfirskrift greinar dr. Ehlers dró dóm af því:*Saurlíffissjúkdóm-ar („syphilis“) á Íslandi.* Hann segir sjúkdóma þessa sjaldgæfa á Íslandi af því að kvenþjóðin hafi eigi mök við útlenda sjó-menn. En hér var þó ein undantekning: Aðeins í Dýrafirði á Vestfjörðum ... kemur „franzósin“ („syphilis“ = sára-sótt) all-opt fyrir.

Þýðing á grein dr. Ehlers var birt í Austra og þaðan tekin upp í Þjóðviljann unga á Ísafirði af Skúla Thoroddsen. Matthías Ólafsson í Haukadal gerði svo mikinn hvell út af þessu í sveitablaði sem hann gaf út. Í framhaldi af þessu fékk Sigurður



plagg í hendur undirskrifað af öllum eða flestum húsráðendum á Þingeyri, sem vildu fá að vita hvaða hús á Þingeyri væru nefnd hinum tvíraðu nöfnum. Var málssókn hótað ef svör fengjst ekki. Sigurður lét plagginu ósvarað og fór þar að ráð-um séra Kristins Daníelssonar. Málið datt svo niður að öðru leyti en því að Sigurður hafði skapað sér óvild margra Dýrfirð-inga og þó einkum Þingeyringa: *... lugu þeir því í ameríska fiskimenn sumarið eftir, að eg hefði sagt um þá, að þeir væru allir með syfilis, svo við lá, að þeir veittu mér umsát út af þessu.* Það var Wendel, verslunarstjóri á Þingeyri og staðgengill Grams konsúls, sem kom vitinu fyrir Ameríkanana og sagði þeim að það væri tilhæfulaust að Sigurður hefði borið á þá hinn umgetna óhróður.

Um syfilis á Þingeyri sagði Sigurður læknir í grein sem birtist í Þjóðviljanum unga: Það er þannig að skilja, að jeg hefi allopt haft til meðferðar „syfilis“ *„sjúklinga, en, vel að merkja, að eins ... 3 Íslendinga ... hiit hafa einkum verið Ameríkanar og Danir.*

Ekki er vitað til að nein af barnsmæðrum Ameríkananna hafi smítast af kynsjúkdómum. Þær voru sex talsins. Sjá eftirfarandi skrá:

### Börn amerískra sjómanna sem viðkomu höfðu í Dýrafirði á árunum 1885-1892

**1886 Evfemía Ingisól, fædd 25.02.**

Foreldrar: Ingibjörg Bjarnadóttir, Nýjabæ, 24 ára, lýsir föður Edward Ingersoll, stýrimann á ameríkönsku fiskiskipi. Evfemía Ingisól lést 8. júlí 1887.

**1888 Valgerður Evfemía, fædd 21. mars.**

Foreldrar: Ingibjörg Bjarnadóttir, Nýjabæ, 26 ára, lýsir föður Thomas Scott sjómann frá Ameríku.

**1888 Guðmundur, fæddur 29. apríl.**

Foreldrar: Sigríður Andrea Thomsen, 27 ára stúlka í Hólum, lýsir föður Thomas Scott sjómann frá Ameríku.

**1889 Jón, fæddur 15. febrúar.**

Foreldrar: Jakobína Jóh. Jónsdóttir, 38 ára vinnukona á Brekku, lýsir föður Jón (John) Jacobssen sjómann frá Ameríku.

**1891 Hjálmar, fæddur 26. febrúar.**

Foreldrar: Ingibjörg Bjarnadóttir, Nýjabæ, 29 ára, lýsir föður amerískan sjómann er hún nefnir John, en vill eigi segja frekar til nafns hans að sinni. [John Diego]

**1892 Guðbjartur Maríus, fæddur 21. febrúar.**

Foreldrar: Mikkalína Guðbjartsdóttir, 22 ára vinnukona á Klukkulandi og Axel, ameríkanskur sjómaður. Guðbjartur Maríus lést dags gamall 22. febrúar.

**1893 Teódór Ásgeir, fæddur 9. júní.**

Foreldrar: Jóna Jónsdóttir, vinnukona á Þingeyri, 31 árs, lýsir föður Magnús Ottó Lindberg, sjómann á amerísku skipi. Teódór Ásgeir dó í Valþjófsdal 8. október 1893.

**1893 Geirþrúður, fædd 17. mars.**

Foreldrar: Svanborg S. Pálsdóttir, 27 ára vinnukona á Ás-garðsnesi, lýsir föður Charles Adamsson, amerískur sjómaður. Geirþrúður dó 7. apríl 1893.

[Prests]b. Sanda og Dýrafjarðarþinga]

Valgerður Evfemía, Guðmundur, Jón og Hjálmar eiga öll marga afkomendur.

Barnsmæður Kananna máttu þola mikla vandlætingu, ekki bara Dýrfirðinga heldur landsmanna almennt. Í Þjóðviljanum unga mátti t.a.m. lesa þetta: *... getur því svo farið, þegar þessi orðrómur er á lagstur að enginn almennilegur maður þori að kvongast kvenmanni þaðan [úr Dýrafirði].*

Þetta varð að áhrinsorðum hvað varðaði Kanabarnamæðurnar, nema Sigríði Andreu Thomsen, sem kom sér úr landi og giftist til Noregs. Hinar konurnar fimm giftust ekki en háðu einar erfiða lífsbaráttu.

Flestar urðu lúðuveiðiskonnorturnar hér við land árið 1894 eða 13 talsins. Sú fjórtánda týndist í hafi á leið til landsins. En lúðan gekk til þurrðar og eftir það höfðu Gloucestermenn ekk-ert hingað að sækja. Aðeins ein skonnorta kom hér 1897. Þetta var Sara F. Lee. Hún sigldi alfarin út Dýrafjörð 22. maí. Þar með lauk lúðuveiðum Gloucestermanna við Ísland.

### Skyggnst í dagbók Alex D. Bushie

Dagbók Alex D. Bushie er rituð í Íslandsleiðangri John Bap-tiste Duguo skipstjóra á skútunni Concord 1890. Áhöfnin sem kom frá Gloucester var þessi skv. dagbókinni: John Duguo skipstjóri („the old man“, gamli maðurinn, kallinn), mat-sveinninn og kona hans, Alex D. Bushie dagbókarhöfundur, Frank Petersen, Peter Erickson, Levi Shedd, Ben og the Dumie. Joanne M. Gallant [f. Burke] vélritaði upp dagbókina stafrétt, en John B. Duguo er langalangafi hennar. Undirritaður fékk ljósrit af afriti Joanne fyrir tilstilli Jóhanns Arnórssonar Diego,


sem einnig er afkomandi Johns skipstjóra.

Fyrsti færsludagur dagbókarinnar er 26. mars 1890, en þann dag hélt Concord frá Gloucester áleiðis til Íslands. Ferðin gekk vel. Á öðrum degi var góður skriður á Concord. „Gamli mað-urinn“ líkti henni við kappreiðahross (27. mars 1890).

Veður var umhleypingasamt og hafísjakar voru í sjónmáli nokkra daga í byrjun apríl. Það voru því miklar annir hjá skips-höfninni við að hagræða seglum og fylgjast með ísnum. Þegar næði gafst var gripið í spil og gjarnan spilað upp á peninga (26. mars symbol 174 \f “Symbol” \s 13 10. apríl). Ellefta apríl var Concord komin að mynni Dýafjarðar og „kallinn“ ákvað að halda þar kyrru fyrir næstu nótt og freista þess að verða sér úti um fuglakjöt daginn eftir (11. apríl).

**Laugardagur 12. apríl**

Lygn, hlýr og fallægur morgunn miðað við árstíma. Við snæddum morgunverð kl. 7. Dumie hlóð skothylki og „kallinn“, Frank og Dumie fóru á fuglaveiðar á dörú. Meðan þeir voru fjarverandi kom fiskiskip dýrfirsti út fjörðinn með blaktandi fána á leið í sína fyrstu veiðiferð. Skipstjórinn af þessu skipi kom um borð og færði okkur flösku af rjóma. Hann sagði okkur að John W. Bray væri inni. Hún kom í gær. Commonwealth hafði farið út í sína fyrstu veiðiferð í gær. Þetta voru einu skonnorturnar sem komnar voru. W. Rice er ekki komin ennþá



**Amerískir lúðuveiðarar í Þingeyrarhöfn 1892. Ljósmynd: Mannlíf og saga, 5.**

*en hún lagði af stað viku á undan okkur. Hún lagði af stað á sama tíma og Commonwealth. „Kallinn“ kom um borð um há-degi með 13 endur [vafalítið æðarfugl, innsk. höf.]. Litli Jón, eins og við köllum hann, var með honum ásamt tveim öðrum náungum. Hann hefur verið á skipinu fjögur ár núna. „Kallinn“ borgaði honum 108 krónur, inneign frá síðasta ári. Um hádegisd gerði N.V. gjólu, hagstaðan byr inn flóann svo við fórum inn. Okkur var sagt að vetur hefði verið mjög harður, mikill snjór, hæðir og lautir eru hvítar og það lítur út fyrir að snjórinn sé 20 feta djúpur sums staðar. Kl. 3 vörpuðum við akkerum á Þingeyri rétt hjá bryggju Grams. Eitt af skipum Grams er inni, nýkomið frá Evrópu með farn af kolum. John W. Bray liggur við bryggi-una og er verið að landa varningi úr henni. Við gerum ekkert fyrr en á mánudagsmorgun, þegar við heffjumst handa. Við settum upp beituborð síðdegis eftir að við höfðum lagst við ankeri. Wendel flaggaði ameríska fánanum yfir verslun sinni, Gram er konsúll. Stuttu eftir að við lögðumst við stjóra og gengið hafði verið frá seglum, rakaði „Kallinn“ sig og fór í land með póstin. Við hinir rökuðum okkur og gerðum okkur klára til landgöngu. Um 9-leytið var komið myrkur og logn. Þessir síðustu dagar hafa verið bestu dagar vorsins.*

**Sunnudagur 13. apríl**


*Það er eins falletgur morgun og þú gætir óskað þér. Við snæddum morgunverð klukkan 7. Í gærkveldi var um borð hinn ungi Kristján Gram og Thorton [sennilega Finnur Þórðarson] yfirmaður fiskideildar. „Kallinn“ tók nokkur sköpör, skyrtur og húfur og hafði með sér er hann fór í land með þeim. Við vor-um í landi dálitla stund í gærkveldi og komum um borð um 9-leytið alveg allsgáðir. Þrír af piltunum sóru fyrir þessa ferð að drekka ekki. Peter, Frank og Levi, ég og “kallinn” eru þeir einu um borð sem geta slett í sig þegar okkur lystir. Ég vona að strákarnir standi við orð sín og drekki ekki í sumar. Það er svo miklu æskilegra. Áhöfn Nelsons [skipstjóra á J.W. Bray] var mjög drukkin í gær og í gærkveldi voru þeir að taka salt og það voru aðeins 5 eða 6 í þessu starfi, hinir voru í heilsubótargöngu, drekkandi. Nelson skipstjóri er of vægur við menn sína, hann má sín lítils. Hann er með erfiðan hóp í öllu tilliti, sem mun gera honum lífið leitt í sumar. Um 2-leytið fór J.W. Bray frá bryggju. Við lögðum að .... Kristján Gram og Thorton snæddu hjá okkur miðdegisverð í dag. Framan af degi var logn og mjög hlýtt þó nóg sé af snjó í fjöllumum. Síðdegis kom léttur andvari af norðaustri. Undir kvöld var orðinn stífur vindur úti fyrir. Við fórum að heimsækja vini okkar, fyrst Lamsons [Samsons? ]. Þar fengum við góðar móttökur, vín kaffi og koniák, en strák-arnir stóðu við orð sín. Þeir snerta aldrei dropa, standa sig vel, en ég held þeir hafi fengið vatn í muninn.*

**Mánudagur 14. apríl**

*Kl. 7 ræsti kokkurinn okkur til morgunverðar. Það hafði verið mikil úrkoma og hitastig fór niður fyrir frostmark. Skæn-ingur var á fljótinu [firðinum ?], logn í alla nótt og frameftir morgni. McKinnon skipstjóri [á Commonwealth] fær gott veiðiveður og, ef hann er í fiski, slær hann okkur við og hinum líka. Um 11-leytið fór að vinda austan og kólna. Allt skæni rak upp á ströndina. Við lönduðum megninu af varningi okkar fyrrihluta dagsins. Kona og ung stúlka komu í heimsókn. „Kallinn“ (the old man) er með böggul til hennar frá nokkrum stúlkunnna sem eru í Gloucester. Um miðjan dag höfðum við komið öllum varningi okkar í land og kl. tvö, þá var flæði, fór-um við frá bryggju og vorum síðan í önnum allt síðdegisd. Vind-ur er austan, mikil snjókoma úti fyrir, en minni hér inni með köflum, æði kalt. Öll áhöfnin var komin um borð í morgun, átta Íslendingar, einn á hverja dörú. Við drógum líka um doriufé-laga. Við vorum bara þrír sem fórum í land. Við komum til baka kl. 10 mjög kaldir.*

**Miðvikudagur 23. apríl**

*Það leit út fyrir að dagurinn í dag yrði betri en í gær, það dró úr vindi og snjókomu slotaði, hér í höfninni [Ísafirði] en úti fyrir er fannburður rétt við nesið og ég reikna með að þar sé jafn hvasst og áður, ekki er fjallasýn. Síðdegis fórum við í land, „Kallinn“, ég og Levi Shedd, við sáum refaskinn en þeir vilja*



*fá gott verð fyrir þau, nálægt 5 dollara. En það áhugaverðasta sem við sáum var fjöldi áhafnarmanna af öðrum skonnortum, sumir augafullir. Veslings innfæddir hljóta að álíta ameríska fiskimenn æði illvíga náunga, það er til skammar enginn vafi á því. Þrátt fyrir það, eitt er víst að enginn úr okkar áhöfn hegðar sér svona. Okkur ofbauð, fórum um borð og spiluðum lú.*

*Póstbáturinn á að koma hér á morgun en það er líklegt að honum seinki vegna stormsins sem hefur verið mjög stríður. Það er ekki búist við góðu veðri fyrr en vindát breytist. Þú get-ur engu spáð um norðaustanátt, hún er eins líkleg til að standa í mánuð eins og viku. Ég vona hún standi ekki nema viku, því við erum þreyttir af að liggja um borð í iðjuleysi. Það er ekkert gaman að fara í land því þú getur ekki talað við neinn. Það er nærri útilokað að skilja orð af því sem þeir segja, en þeir eru fljótir að læra. Sumir náungarnir sem eru um borð hjá okkur eru að læra.*

*Þegar ég er að skrifa þetta klukkan níu að kveldi eru fjórir þeirra að spila innlent spil, þeir kunna fjölda mismunandi spila, eins mörg og við kunnum og fleiri. Þeir kannast við flest okkar spil eins og lú, vist eða sjó upp.*

**Föstudagur 25. apríl**

*Þetta var góður morgunn, mjög lítill vindur og sólin skein skært. Eftir morgunverð fylltum við vatnsílát, síðan héldu allar skonnorturnar út, A.D. Story fyrst. Meðan á þessu stóð fór „Kallinn“ í land [á Ísafirði] til að vita hvort hann gæti selt stígvél eða olúföt. Hann er með mikið magn til sölu. Hann seldi 12 stígvélapör. Peter Erickson keypti tvö refaskinn og*



**Hótel Niagara (Vertshúsið), fyrsta greiðasölu- og gistihúsið á Þingeyri. Í risinu hefur nánast engu verið breytt. Húsið er nú í eigu Kvenfélagsins Vonar á Þingeyri. Ljósmynd: Mannlíf og saga, 1.**



greiddi 36 krónur fyrir bæði, hvítt og silfurgrátt. Ég fór á skytteri og fékk aðeins 6, lítill veiði. Ein af dörúnum af Story var líka á skotveiðum. Mikill fjöldi fiskibáta hélt í róður þennan morgun. Vegna logs komumst við ekki út fyrir en um þrjúleytið. Við fengum þá dálítinn byr sem nægði til að við náðum út á mið austanvert við mynni Ísafjarðarflóa, lega ASA fjarlægð um 15 mílur. Um núleytið lágu þarna fjórar skonnortur amerískar fyrir akkerum. S. Saulsbury lagðist ekki fyrir akkerum. Þetta er í fyrsta sinn sem við sjáum hana síðan fór að vinda. Við liggjum á 90 faðma dýpi sem við köllum gilið [Djúpáll ?]. Við vorum með tvö handfæri tilbúin til að veida nokkra þorska í beitu, en hann gefur sig lítið um miðnættið, við fengum bara 6, dýpið er of mikið. Það er mikið af ís ekki langt undan. Það eru spangir kringum okkur, hér liggjum við rétt hjá einni. Ef hann kemur austan heldur það ísnum frá landi.

#### Laugardagur 10. maí

... Ég gleymdi að segja frá því að læknirinn á Þingeyri [Oddur Jónsson] á fjóra fallega ketti. Leyndarmálið við ketti þessa er að þeir fylgja honum eins og hundar um allt, yfir hæðir og allsstaðar jafnvel þegar hann er ríðandi á smáhesti sínum. Hann fer upp á fjallið sest niður og þeir safnast í kringum hann. Þeir hlýða honum í einu og öllu. Þetta er nokkuð sem maður sér ekki daglega.

#### Mánudagur 16. júní

Þessi dagur hefur ekki verið mjög slæmur hér inni [á Hornvík] en veðrið hefur verið leiðnlegt úti fyrir. Þrjár skátur komu inn í morgun og fáein hákarlaskip. Innfæddir komu um borð með svartfuglasegg til að selja við fengum okkur slatta, en það þurfti aðgæslu við eggjavalíð, því ungi var í stórum hluta þeirra, en þeir éta þetta hér, fiður og allt.

#### Föstudagur 20. júní

Þessi morgunnur er garralegur og blástur mikill úti fyrir [voru á Patreksfirði]. Síðdegis komu um borð innfæddir og Fransmaður. Við fórum í land og „Kallinn“ keypti 2-3 þúsund flök af Íslendingi. Hann verslaði með stígvél og olúföt. ...

Í kvöld fór ég í land til að borga hafnargjöld. Frank Peterson var með mér. Við áttum skemmtilega stund. Þau eiga píanó [á hótélínu] og gamla konan og dóttir gátu glamrað á það. Þær tala góða ensku og frönsku, þær eru danskar. Við vorum komnir um borð um kl. 11 og þá héldum við af stað til að kíkja út fyrir.

#### Miðvikudagur 25. júní

A.D. Story er hér inni [á Þingeyri]. Um 11-leytið fórum við upp í fjöru með skipið til að bothhreinsa það. Hér er einnig inni írskt fley, Echo of Dublin, hlaðið salti til herra Grams.

#### Föstudagur 1. ágúst

Klukkan átta fórum við að draga og fengum góðan afla, um 50 fiska. Straumur var stríður og það var ekki fyrr en eftir klukkan 12 að við náðum veiðarfærum okkar. Við sigldum þá í stefnu á Snæfellsjökul, vindur suðvestan, hryðjótur. Varðskip sigldi hjá og við sýndum fána okkar. Um sex leytið fór „Kallinn“ um borð í íslenskan fiskibát til að grenmslast eftir lúðugengd. Hann fékk mjög litla hughreystingu því enga lúðu er að hafa á þessum slóðum. Við héldum frá landi aftur og lögðumst við ankeri um miðnætti og of dimmt til að leggja. Myrkt er í þrjá tíma á nóttu núna.

#### Fimmtudagur 21. ágúst

Í morgun var hryssingslegur blástur, en um klukkan 8 fóru strákarnir og sótu þær [lóðir], fengu 30 góða fiska. Síðan héldum við til lands ásamt tveim öðrum skipum. Klukkan 10 vorum við í mynni Ísafjarðarflóa og við höfum annars konar fiskveiðir. Við drógum fram 2 síldarnet. Við höfum heyrt að nóg sé af henni. Við höfum séð nokkrar torfur undan ströndinni. Um 11 leytið settum við út rekneta, annar endinn bundinn við dörú með ljós í mastrinu.

#### Föstudagur 22. ágúst

Í morgun klukkan 4, rétt sauðljóst, fórum við að svipast um eftir dörúnni. Ljósið hafði slökknad og ég vissi ekki hvort var vetur eða sumar því það snjóáði, gekk á með hagléljum og rigndi og hann blés hraustlega. Við vorum lengi að finna dörúna. Uppskeran var rýr 30 fallegar síldar. Við steiktum þær til miðdegisverðar. Við ákváðum síðan að slútta og stefna á Dýrafjörð. Þetta voru afar ánægjuleg tíðindi. Afli er of lítill. Við fiskum varla í soðið. Klukkan 4 vörpuðum við ankerum í Haukadal vegna einhvers samkomulags milli litla Jóns og „Kallsins“. Klukkan átta var kominn norðan stormur og mikil snjökoma til fjalla. Um miðnættið gekk þetta niður aftur.

#### Þriðjudagur 26. ágúst

Í dag voru allir önnuðum kafnir, sumir að skipa um borð rafa-belnum aðrir að mála. Um hádegi kom Mary E. inn, það blæs glatt úti fyrir. Hún kom inn með tvírifuð segl. Það er góður blástur hér inni. Póstbáturinn á áætluð hingað í dag. Hann var ekki kominn klukkan 7. Við máluðum aðra hliðina á skipinu síðdegis. Ég vona að við ljúkum öllu á morgun. Þrjár af skátum Grams eru hér inni. Þær fiska varla meira í ár. Veðrið hefur

### Hátíð í Súðavík í næsta mánuði

# Efnt til Bryggjudaga í fyrsta sinn

Hátíð undir nafninu Bryggjudagar verður haldin í Súðavík dagana 13. og 14. júní. Súðavíkurhreppur og Starfsmannafélag Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Súðavík standa saman að hátíðarhöldunum. „Drög eru komin að dagskrá þó að ekki

hafi allir liðir verið fastnegldir ennþá. Þó er ljóst að seint á föstudag 13. júní verður farið með börnin í siglingu út að þorskeldiskvíum H-G í Álftafirði og þeim leyft að gefa þorskunum. Um kvöldið verður siglt út í Fofafót þar sem við verðum með dálitla uppá-

komu, leynigest eða eitthvað slíkt“, segir Vilborg Arnarsdóttir, einn skipuleggjenda hátíðarinnar.

Á laugardeginum verður veiðikeppni í Súðavíkurhöfn þar sem keppt verður í tveimur aldursflokkum. „Um kvöldið ætlum við að grilla uppi í

Sumarhvammi í Árdal, þar sem er gömul sundlaug í Súðavík sem var aldreinuðuð. Þar munu trúbadúrar leika fyrir grillgesti“, segir Vilborg.

Hátíð sem þessi hefur ekki verið haldin áður í Súðavík.



### Enn er mjög slæm umgengni á svæði Ísafjarðarhafnar

# Sautján vörubílar af drasli fluttir burt í fyrra

Afar slæm umgengni huldumanna á og við hafnar-svæði Ísfríðinga virðist síst á undanhaldi. Eins og fram kom hér í blaðinu í desember

toghlara og fleira á hafnar-svæðinu.

„Þetta er mjög bagalegt. Við þurfum að borga fyrir eyðingu á öllu rusli sem við tökum. Það fjármagn er tekið beint af rekstrarfé hafnarinnar sem er ekkert allt of mikið fyrir“, seg-

ir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri. „Menn kasta hér rusli í leyfisleysi og virðast ekkert vera að sjá að sér. Í fyrra fórum við með sautján vörubíla af drasli og þetta er ekkert að batna.“

Nú stendur yfir hreinsunar-

átak við Ísafjarðarhöfn. „Við höfum auglýst eftir eigendum að þessu rusli en engin viðbrögð fengið. Ég geri þó ráð fyrir því að einhverjir eigi eftir að kvarta þegar draslinu þeirra hefur verið hent“, sagði Guðmundur.

verið garralegt síðustu viku og verður líklega næsta mánuð.

#### Föstudagur 29. ágúst

Logn í morgun, þægilegt um hádegi, vindur vestan klukkan 6 með dálitlu regni. Nú af áhöfn okkar fóru heim með sitt hafutask, allir ánægðir. Við höfum var 10 áður en við losnuðum við þá.

#### Mánudagur 1. september

Í morgun eftir morgunverð drógum við upp fána okkar, einnig Mary E. og herra Gram. Klukkan 10 komu farþegar okkar um borð, tvær stúlkur og um hádegi sigldum við út úr höfninni á heimleið og allir gleðjast yfir því. Við skildum við Mary E. inni. „Kallinn“ (The old man) sagði að hún mundi leggja upp á morgun. Klukkan 8 vorum við komin rétt út í fjarðarmynnið, það var logn allt síðdegidið, vindur austlægur útifyrir.

#### Fimmtudagur 4. september

... Stúlkur-farþegunum liður vel í kvöld, þær eru ekki mjög veikar.

Concord kom til Gloucester 28. september en hafði haft viðvöl í nokkra daga í Arichat, Nova Scotia í Kanada. (Lausl. þýðing V.H.G.)

#### Heimildaskrá

**Bushie, Alex D.:** Dagbók úr ferð lúðuveiðiskonnortunnar Concord á Íslandsmið 1890. Ljósrit af afriti Joanne Gallant. Frumritið er varðveitt í Phillips Library, Peabody Essex Museum, Salem, Mass., U.S.A. **Collins, J.W.:** The Icelandic Halibut Fishery; An Account of the Voyages of the Gloucester Schooners to the Fishing Grounds Near the North Coast of Iceland. Report of the Commissioner of Fish and

Fisheries 1884, Part XII, Washington 1886.

**Garde, Aug.:** XXI. - Fisheries of Iceland. Report of the Commissioner of Fish and Fisheries 1884, Part XII, Washington 1886.

**Gils Guðmundsson:** Frá ystu nesjum I. 2. útg. Hafnarfirði 1980.

**Gils Guðmundsson:** Skútuöldin I. 2. útg. Reykjavík 1977.

**Gísli Kristjánsson:** Þrír þættir af áhuga Bandaríkjamanna á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði. Reykjavík, maí 1980.

**Gunnar S. Hvammdal:** Þingeyri frá 1866. Vestfjarðarit II. Firðir og fólk 1900-1999. V-Ísafjarðarsýsla. Þjæxi ehf. 1999.

**Internetið:** Out of Gloucester.

**Konsúlsskjöl** Niels Chr. Grams, Þingeyri (ljósrít).

**Lbs. 23744to og Lbs. 23754to,** Dagbækur Sighvats Grímssonar Borgfirðings 1884-1897.

**Lbs. 49064to.** Kristinn Guðlaugsson: Minningaþættir, 198-204.

**Lúðvík Kristjánsson:** Þáttur úr sögu fiskveiðanna við Ísland. Ægir, 32. árg. nr. 11, nóv. 1939.

**Mannlíf og saga** í Þingeyrar- og Auðkúlurh. hinum fornu 5. 1998, 67-68 (viðtal St.J. við S.J.).

**Prestsþjónustubók** Sandaprestakalls.

**Ragnheiður Mósesdóttir:** Gloucestermenn í lúðuleit. Ný saga, 1. árg. 1987.

**Report of the Commissioner of Fish and Fisheries** 1885, Part XIII. Washington 1887, LI-LII.

**Sigurður Magnússon:** Dr. Ehlers og siðferði á Íslandi. Þjóðviljinn ungi, 12. febr. 1895.

**Sigurður Magnússon:** Æviminningar læknis. Reykjavík 1985.

**Stjórnartíðindi** fyrir Ísland 1887, B. 17.

**Uppskriftar- og uppboðsbók** Mýrahrepps. Hún hefst árið 1887.

**Valdimar H. Gíslason:** Dýrfirðingar og amerískir lúðuveiðimenn. MA-ritgerð 2002, Háskóli Íslands, Reykjavík.

**Þjóðviljinn** 2. árg. nr. 32, 30. okt. 1888.

**Þjóðviljinn ungi**, 22. janúar 1895: Dr. Ehlers og siðferði á Íslandi.

**Þórður Sigurðsson** (viðtal): Á sjónum í 40 ár. Í mörg ár á amerískum lúðuveiðurum, sem gengu frá Dýrafirði. Sjómáðurinn, júlíablað, 1939.





## Slökkviliðsæfing í Súðavík

# Kveikt í húsi til að slökkva aftur

Slökkvilið Súðavíkur hélt æfingu í síðustu viku og var kveiktur eldur í Eyrardalsbænum gagnert til þess að slökkva hann aftur. Að sögn Alberts Heiðarssonar, slökkviliðs-

stjóra í Súðavík, gekk æfingin með ágætum og logaði eldurinn um fimm klukkustundir.

„Þarna standa tvö hús, annað gamalt en hitt nýrra, og einungis um tveir metrar á

milli þeirra. Við kveiktum í því nýrra og reyndum með góðum árangri að hlífa því gamla sem er friðað. Það var aldrei nein hættu á að eldurinn næði á milli húsanna.“

Auk fimm súðvískra slökkviliðsmanna sóttu æfinguna tveir menn frá Brunamálastofnun. Ford-bíll slökkviliðsins í Súðavík, sem búinn er Ziegler-dælu, reyndist vel við æfinguna. „Við gerum þetta ekki oft enda eru ekki mörg hús sem við fáum. Þetta er samt besta æfing sem völ er á“, segir Albert.

Nokkurn reykt lagði yfir Súðavík meðan á æfingunni stóð en engum mun hafa orðið meint af. Nokkur fjöldi barna og fullorðinna fylgdist með af áhuga meðan húsið brann. „Ég held að enginn hafi kvartað enda grunar mig að flestir séu ánægðir með að losna við þetta hús“, segir Albert Heiðarsson slökkviliðsstjóri.



Súðvískur slökkviliðsmaður mundar slönguna. Myndir: Ómar Már Jónsson.



Listakonurnar ásamt kennara sínum.

## Gróska í myndlistinni á Ísafirði

# Sjö listakonur sýndu verk sín

Sjö listakonur sem stundað hafa nám í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði í vetur héldu fyrir skömmu eins dags sýningu á verkum sínum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þar sýndu þær myndir sem þær höfðu unnið á átta vikna vatns-litanámskeiði hjá Jóni Sigurpálssyni myndlistarmanni. Töluvert rennirí var á sýningunni í Edinborg og

þótti ekki spilla fyrir að undir léku gítarnemendur listaskólans sem lært hafa vinnukonugripin hjá Bryndísi G. Friðgeirsdóttur í vetur.

Listakonurnar sjö eru Agnes Aspelund, Sigríður Kristinsdóttir, Dagrún Matthíasdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Bjarney Guðmundsdóttir, Gréta Sturludóttir og Kristín Einarsdóttir.

## Sölubörn!

Sölubörn vantar til afleysinga á Ísafirði í sumar.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón í síma 456 4560 eða á afgreiðslu BB.

# Förum yfir fjármálin

## með verðbréfaráðgjöfum Íslandsbanka-Eignastýringar

Íslandsbanki á Ísafirði býður í samstarfi við Íslandsbanka-Eignastýringu:

- milligöngu um kaup og sölu verðbréfa
- reglulegan sparnað í verðbréfum
- vörslu verðbréfa
- lífeyrissparnað

Verðbréfaráðgjafar frá Íslandsbanka-Eignastýringu verða til viðtals í útibúi Íslandsbanka á Ísafirði föstudaginn 30. maí frá kl. 12 til 16 og veita aðstoð við val á sparnadarleiðum.

Leyfðu okkur að aðsloda þig við að láta peningana þína vinna sem best fyrir þig.

Verið velkomin í Íslandsbanka!



ÍSLANDSBANKI





Skemmtiferðaskipið Deutschland.

## Móttaka skemmtiferðaskipa

# Sérstakur starfsmaður ráðinn

Í sumar verður ráðinn starfsmaður til að sjá um móttöku skemmtiferðaskipa á Ísafirði, sem og hreinsun og skipulagningu opinna svæða í Ísafjarðarbæ. Gert er ráð fyrir að hann verði í fullri vinnu í júní, júlí og ágúst. „Starfið er tvíþætt en hér er um reynsluverkefni að ræða“, segir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar. „Annars vegar felur starfið í sér móttöku skemmtiferðaskipa, upp-

lýsingagjöf til farþega og samvinnu við þjónustuaðila í bænum. Hins vegar gengur það út á að skipuleggja hreinsun opinna svæða í Ísafjarðarbæ og gera áætlun um þjónustumerkingar. Víða eru opin svæði sem þarf að taka í gegn. Finna þarf eigendur að ýmsu drasli og verður sá hluti verkefnisins unninn í samvinnu við Ísafjarðarhöfn, tæknideild Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða“, segir Rúnar Óli.

# Bílaflutningur í stórtækara lagi

Trukkur hlaðinn sex nýjum fólksbifreiðum kom til Ísafjarðar í síðustu viku. Bílarnir eru frá Ingvari Helgasyni hf. og verða til sölu á nýrri bílasölu Guðna G. Jóhannessonar á Ísafirði. Óhætt er að segja að bílaflutningur af þessu tagi sé sjaldsæður hér vestra og helst að þetta hafi minnt á slíka flutninga erlendis. Guðni segir að ætlunin sé að opna bílasöluna um helgina.



Grundskólinn á Ísafirði.

## Grundskólar á Vestfjörðum

# Gott útlit í kennaramálum

Almennt virðast ekki vera miklar hreyfingar á kennaraliði grunnskóla á Vestfjörðum, að minnsta kosti ekki hjá þeim sem haft hefur verið samband við. Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði, segir þrjá til fjóra kennara hætta hjá skólanum nú í vor og einhverja hreyfingu vera á öðru starfsfólki. „Ég hygg að þetta sé mjög eðlileg hreyfing en hér eru um 80 starfsmenn. Ég þekki sögu þessara mála hér ekki mjög langt aftur í tímann en við erum mjög vel sett. Almenna

reglan hefur verið sú að þegar þrengir á vinnumarkaðinum, þá eru skólarnir mjög vel settir, og þó að uppgangstímar séu framundan virðast þeir ekki vera í hendi.“ Hjá Grunnskólanum á Tálknafirði vantaði einn kennara og hefur hann þegar verið ráðinn. Ingólfur Kjartansson skólastjóri segir slíkt ekki hafa gerst áður. „Að minnsta kosti ekki svo lengi sem næstelstu menn muna. Ástandið hjá okkur er mjög gott. Réttindakennurum fer fjölgaði og við erum með háskólamenntaða leið-

beinendur. Það er mikil hamingja hér með þessa stöðu.“ Victor Örn Victorsson, skólastjóri Grunnskólans á Hólmavík, segir eina almenna kennarastöðu lausa við skólan en að auki vanti sérkennara. „Ég held að þetta sé mjög eðlilegt, það hefur oft verið mun meiri vöntun á kennurum hér. Við erum mjög róleg yfir þessu enda er fólk þegar farið að spyrjast fyrir. Aftur á móti vantar okkur húsnaði því að allt íbúðarhúsnaði í bænum er uppuríð“, sagði Victor Örn Victorsson.



## Dómur í máli vegna líkamsárásar á Ísafirði

# Refsingu frestað skilorðsbundið

Kveðinn var upp dómur í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku í máli sem ríkissaksóknari höfðaði á hendur tæplega tvítugum Ísfirðingi fyrir líkamsárás. Atvikidi átti sér stað aðfaranótt laugardags síðsumars 2001 fyrir utan veitingastaðina Sjallann og Krúsina á Ísafirði. Niðurstaða dómsins var sú að ákvörðun refsingar ákærða skyldi frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi hann almennt skilorð. Ákærði var hins veg-

ar dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns að fjárhæð 100.000 krónur. Ákærði var sakaður um að hafa slegið annan mann ítrekað í höfuðið með bjórflösku úr gleri með þeim afleiðingum að hann hlaut glóðarauga á vinstra auga, bólgu á augnhvarmi vinstra megin niður á miðja kinn og á nefboga og líttinn skurð þar við. Dómurinn taldi þetta brot mannsins sannskilorð. Ákærði var hins veg-

Fram kemur í dómnum að maðurinn hefur ekki sætt refsingum sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar hans. Dómurinn hafði í huga að hann notaði barefli en einnig var litið til þess að lögreglu maður sem varð vitni að atvikinu bar að högg sem hann greiddi með því hefðu ekki virst mjög þung. Afleiðingar árássarinnar virðast ekki hafa verið alvarlegar og kveðst sá sem fyrir árásinni varð hafa náð sér að fullu, eftir því sem segir í dómnum.

## Sýnishorn af söluskrá



BMW 316i árg. 2000, ekinn 34 þús. km. Verð kr. 2.100.000.-



Daewoo Lanos árg. 1999, ekinn 49 þús. km. Verð kr. 600.000.-



Opel Astra árg. 1999, ekinn 62 þús. km. Verð kr. 830.000.-



VW Passat árg. 1998, ekinn 67 þús. km. Verð kr. 1.370.000.-



Toyota Corolla stw. árg. 98, ek. 62 þús. Verð kr. 795.000.-



MMC Lancer árg. 1997, ekinn 88 þús. km. Verð kr. 640.000.-



Toyota Corolla árg. 1998, ekinn 81 þús. km. Verð kr. 790.000.-



Toyota Yaris árg. 2000, ekinn 66 þús. km. Verð kr. 720.000.-



Suzuki Vitara árg. 1998, ekinn 86 þús. km. Verð kr. 1.280.000.-



Subaru Legacy árg. 2001, ek. 24 þús. km. Verð kr. 1.870.000.-



**Suðurgötu 9, Ísafirði  
Sími 456 3800**



## Þingeyri

# Dýrafjarðardagar í byrjun júlí

Dýrafjarðardagar verða haldnir á Þingeyri í sumar, annað árið í röð. Hátíðin þótti takast með ágætum í fyrra-sumar og stóðu tekjur af henni undir kostnaði. Stefnt er að því að hátíðin standi að þessu sinni frá föstudegi til sunnudags fyrstu helgi júlímánaðar. A undirbúningsfundir kom fram fjöldi hugmynda að dagskrá. Hún verður kynnt þegar

nær dregur en hefst væntanlega með kraftakeppni Vestfjarðavíkinga. Gert er ráð fyrir að á Þingeyri risi myndarlegt tjald sem hýsi sölubása með listmuni og veitingar. Til skoðunar er að halda strandveislu og bjóða upp á sjóstangaveiði, marhnútaveiði, kajakróður, hestaferðir, hraðbátasiglingar, mínigolf og sitthvað fleira.





**Illa sóttur aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða**

# Jóhann á Hnjóti kjörinn formaður

Jóhann Ásmundsson, safnstjóri á Hnjóti í Örlygshöfn, var kjörinn formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða á aðalfundi þeirra á Ísafirði um fyrri helgi. Fráfarandi formaður, Jón Jónsson þjóðfræðingur á Kirkjubóli í Steingrímsfirði, sem gegnt hafði formennskunni í tvö ár, gaf ekki kost á sér til

endurkjörs. Jóhann segir mætingu á fundinn ekki hafa verið eins og best hefði verið á kosið en hann hafi verið haldinn óvanalega seint um vor að þessu sinni.

„Því miður sáu margir sér ekki fært að mæta, eða jafnvel sem betur fer, því að ferðamannatíminn er að færast framár. Þannig eru margir í

gistiþjónustunni komnir á fullan skrið og komust þess vegna ekki. Margir ferðaðgjófnustubændur eru líka í önnun við sauðburð“, segir Jóhann. Hann segir að venjulega hafi verið mjög vel mætt á aðalfundina. Stefnt sé að öðrum fundi aftur í haust en það sé hentugri tími.



Frá Sundahöfninni á Ísafirði.

## Rækjuvertíðinni í Ísafjarðardjúpi lokið

# Snæbjörg ÍS afla- hæst með 176 tonn

– þrír bátar af fjórtán með yfir 40% rækjuafans úr Djúpinu

Rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi er nú nýlokið. Aflahæst skipa á vertíðinni var Snæbjörg ÍS 43 sem landaði rúmum 176 tonnum en skipstjóri er Gísli Hermannsson. Næstir komu Örn ÍS 31 með ríflega 135 tonn, skipstjóri Karl Guðmundur Kjartansson, og Valur

ÍS 20 með tæp 127 tonn en þar stendur Haraldur Konráðsson í brúnni.

Lætur nærri að þessir þrír bátar hafi komið með ríflega 40% rækjuafans úr Djúpinu en þeir lönduðu allir hjá rækjuverksmiðju Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Súðavík.

Alls voru 14 bátar á Djúprækjunni í vetur. Úthlutað var 1.000 tonna kvóta á yfirstaðinni vertíð og hefur leyfilegur hámarksafli ekki verið svo lítill lengi. Vonast menn til að nú sé botninum náð en það skýrist ekki fyrr en í mælingum Hafrannsóknastofnunar.



## Nýi vegurinn inn í Tunguskóg við Ísafjörð

# Olíumöl lögð um miðjan júlí

Nýr vegur inn í Tunguskóg í Tungudal við Ísafjörð hefur nú verið tilbúinn undir slitlagsvinnu í um þrjár vikur. Að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar, bæjar-  
tæknifræðings Ísafjarðarbæjar, verður lögð

olíumöl á veginn og verður það líklega gert um miðjan júlí. „Það er háð því hvenær vinnuflokkur kemur á svæðið. Annars er búið að ganga frá kringum veginn og í sumar verður sáð í vegkantana“, segir Sigurður Mar.

Verktaki er Kubbur ehf. á Ísafirði en tilboð fyrirtækisins nam 11,7 milljónum króna. Verkið hefur þó ekki verið gert upp og liggur endanlegur kostnaður við vegarlagn-inguna því ekki fyrir.

## Úthlutanir úr Forvarnasjóði

# 800 þúsund til þriggja verkefna á Vestfjörðum

Þrjú verkefni á norðanverðum Vestfjörðum hlutu að þessu sinni fjárframlög úr Forvarnasjóði að upphæð samtals 800

þúsund krónur. Menntaskólinn á Ísafirði fékk 300 þúsund króna styrk til verkefnisins „Heilbrigður menntaskóli fyr-

ir vestan“, Gamla apótekið á Ísafirði fékk sömu upphæð í sinn hlut en Skóla- og fjöl-skylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar fékk 250 þúsund krónur til að halda námskeiðið „For-eldrar og uppeldi – að bregðast við áður en skaðinn verður“.

Meðal annarra sem styrki hlutu var Íslandsleikhús sem fékk 250 þúsund krónur. Það starfar meðal annars í Ísafjarðarbæ og á rætur sínar að rekja þangað.

Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur að viðstöddum forseta Íslands. Hlynur Snorrason, rannsóknarlög-reglumaður á Ísafirði og verkefnisstjóri VáVest-vímuvarna-hópsins, flutti við athöfnina fyrirlestur um forvarnaraðferðir VáVest. Gamla apótekið á Ísafirði, kaffi- og menning-arhús ungs fólks, starfar sem kunnugt er í skjóli VáVest.

Þar sem púlsinn slær...



## STAKKUR SKRIFAR

# Ný og breitt ríkisstjórn

Svo sem fyrir lá tók ný ríkisstjórn við völdum á föstudaginn og um leið voru boðaðar miklar breytingar. Davíð Oddsson forsætisráðherra í samfleytt 12 ár, heil þrjú kjörtímabil, heldur áfram starfi sínu sem slíkur, en einungis tæpa 16 mánuði, því þá fær Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og einn reyndasti núlifandi stjórnmálamaður tækifærið sitt og mun taka við embætti forsætisráðherra.

Þetta eru stórtíðindi. Farsæll og óvenjulegur, reyndar einstakur stjórnmálamaður á Íslandi, Davíð Oddsson, sem varð forsætisráðherra áður en hann sat sinn fyrsta þingfund, lætur af eina ráðherraembættinu sem hann hefur gegnt. Fyrir virðist liggja að hann taki annað hvort við embætti utanríkis- eða fjármálaráðherra hinn 15. september 2004. Tíminn mun leiða í ljós framtíð Davíðs Oddssonar, sem á að baki annars konar og glæstari feril en flestir, ef ekki allir íslenskir stjórnmálamenn sem uppi hafa verið. Það er því eðlilegt að Davíð hafi viljað sitja í þessu embætti þegar haldið verður upp á aldaraf-mæli ráðherradóms og innlendrar stjórnar á Íslandi. En fyrsta febrúar næst-komandi eru liðin 100 ár frá því Hannes Hafstein varð Íslandsráðherra, hinn fyrsti.

Að þessu sinni urðu aðeins tvær breytingar. Sólveig Pétursdóttir lætur af embætti dóms- og kirkjumálaráðherra eftir einungis eitt kjörtímabil. Við tekur Björn Bjarnason, fyrrum menntamálaráðherra og núverandi oddviti

sjálfstæðismanna í Reykjavík, og þar þarf að finna nýjan foystumann. Það eru einnig nokkur tíðindi. Sólveigu er ætlað að taka við embætti forseta Alþingis haustið 2005 en þá mun Halldór Blöndal víkja úr fosestastóli. Árni Magnússon tók við af Páli Péturssyni sem félagsmálaráðherra. Ekki var fullkomin eining innan þingflokks Framsóknarflokksins um þá skipan.

En frekari uppstokkun bíður við sjóndeildarhringinn. Um áramót tekur Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir við sem menntamálaráðherra og Tómasi Inga Olrich er ætlað sendiherrastarf í París, eftir skamman feril í ráðherrastóli. Sigríður Anna Þórðardóttir tekur við sem umhverfisráðherra um leið og forsætisráðherraskipti verða. Væntanlega verður Sif Friðleifsdóttir að víkja þegar ráðherraembættum Sjálfstæðisflokks fylgjar í sjó en embættum samstarfsflokksins fækkar í fimm. Þessar breytingar boða nýja tíð. Enginn mun geta gengið að því visu að ráðherradómur standi óbreyttur eftir að fæti hefur verið smeygt inn í ráðuneyti. Sjálfstæðisflokkurinn mun eignast tvær konur á ráðherrastóli og slá þannig á umræðuna um slakan hlut kvenna. Væntanlega mun fækka um einn kvenráðherra í Framsókn.

Spennandi tímar eru framundan fyrir stjórnarliða en eyðimerkurgangan bíður stjórnarandstöðunnar næstu fjögur árin. Ekki fengu Vestfirðingar ráðherra nú. Kristinn H. komst ekki að í Framsókn, Einar Kristinn er orðinn formaður stærsta þingflokksins. Meira um stöðu Vestfirðinga næst.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.





Árgangur 1959 á Silfurtorgi á Ísafirði.



Árgangur 1939 á tröppum Ísafjarðarkirkju.

## Þrjú árgangamót á Ísafirði um liðna helgi

# Fermingarsystkinin hittust á ný eftir hálfa öld

Ísfirðingar og Hnífsdælingar fæddir árið 1939 komu saman um helgina í tilefni þess að hálfa öld er liðin frá fermingu þessa árgangs. Fólkið hittist á föstudagskvöld í nýja skíðaskálanum í Tungudal, fékk þar léttar veitingar og rifjaði upp gömul kynni. Morguninn eftir var komið saman á Silfurtorgi og gengið þaðan í Grunnskóla Ísafjarðar þar sem horft var á gamalt myndband frá Ísafirði. Síðan var haldið yfir í Tónlistarskóla Ísafjarðar, sem flest gömlu fermingarbarnanna þekkja best sem Húsmæðraskólann Ósk, og hlýtt á harmonikuleik.

„Svo gengum við Tangagötuna og Sundstrætið og enduðum á vinnustað myndlistarmannsins Reynis Torfasonar í gömlu vélsmiðjunni Þór. Þaðan fórum við í Sjóminjasafnið og fengum harðfisk, hákarl og brennivín að vestfirskum sið“, segir Bárá Einarsdóttir, ein úr árgangi 1939.

„Við fórum svo í rútu og vitjuðum leiða þeirra sem látnir eru, fórum í Gamla sjúkrahúsið þar sem við fæddumst flest og héldum síðan til Flateyrar að skoða varnargarð-

ana. Á leiðinni skoðuðum við fossinn í Vestfjarðagöngum“, sagði Bárá.

Þegar hópurinn kom frá Flateyri hélt hann rakið til Bolungarvíkur. „Við keyrðum hægt í gegnum Hnífsdal enda eru nokkrir úr árgangnum þaðan. Við skoðuðum síðan Náttúrugripasafnið í Bolungarvík og komum ekki heim fyrr en um klukkan sex. Um kvöldið fórum við á Hótel Ísafjörð, snæddum hátíðarkvöldverð og dönsuðum svo við tónlist Baldurs Geirmundssonar og Margrétar Geirsdóttur.“

Mótinu lauk þegar hópurinn fór í fermingarmessu á sunnudag og gekk til altaris líkt og fyrir fimmtíu árum. „Þetta var alveg frábært og allir voru mjög ánægðir. Þetta var í fyrsta skipti sem þessi hópur kemur saman“, sagði Bárá Einarsdóttir.

### Hin gömlu kynni gleymast ei

Árgangur 1972 úr Gagnfræðaskólanum á Ísafirði kom saman um helgina en um þetta leyti eru fimmtán ár liðin síðan hópurinn útskrifaðist. Fólkið

hittist á Silfurtorgi á föstudagskvöld fyrir rakið í óvissuferð sem endaði í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi.

„Þar fórum við í sund og borðuðum léttan kvöldmat og fórum síðan aftur til Ísafjarðar um miðnætti. Á laugardag hittumst við í hádeginu í nýja skíðaskálanum í Tungudal, snæddum hádegisverð og fórum yfir gamlar myndir og ræddum saman. Um kvöldið hittumst við á Sjallanum, horfðum saman á Evróvision og endurvöktum gömul kynni“, segir Ingi Þór Ágústsson, einn úr árganginum.

Ingi Þór segir mótið hafa tekist vel. „Það mættu 38 af þeim 64 sem útskrifuðust fyrir fimmtán árum. Það var mjög gaman að sjá hversu vel gekk að ná mannskapnum saman eftir öll þessi ár“, segir Ingi.

### Helgin heppnaðist stórkostlega vel

Árgangur 1959 á Ísafirði, sem gekk í fyrsta skipti til altaris fyrir 30 árum, hittist á Ísafirði um helgina. Að sögn Sævars Óskarssonar, eins úr árgangnum, hittist hópurinn á

föstudag og fór beint í óvissuferð með Guðrúnu Kristjáns, flaggskipi Sjóferða á Ísafirði.

„Við fórum inn í Vigur þar sem var tekið vel á móti okkur með hlaðborði og æðareggjum, sem ég hafði aldrei smakkað áður. Úr Vigur fórum við í Reykjanes þar sem við syntum og borðuðum. Veðrið var alveg meiriháttar og Djúpið skartaði sínu fegursta“, segir Sævar.

Á laugardag fór hópurinn í skoðunarferð um Ísafjarðarkirkju með sr. Magnúsi Erlingssyni sóknarpresti. Þaðan var farið í kirkjugarðinn á Réttarholti, en þar er minningargrafreitir týndra sem árgangurinn átti þátt í að gera. „Svo fórum við í jarðgöngin og

skoðuðum fossinn undir leiðsögn starfsmanns Vegagerðarinnar. Í Neðri-Breiðadal fengum við harðfisk og hákarl hjá Halldóri Mikkaelssyni. Síðan tókum við Flateyrarrúnt, fórum á dúkkusafnið þar, að minningarsteininum og upp að útsýnisskífunni á snjóflóða-

varnargarðinum.“

„Um kvöldið kom hópurinn saman í Guðmundarbúð á Ísafirði og hélt matarveislu. Það var almennt álit manna að helgin hefði heppnast stórkostlega vel enda var veðrið frábært allan tímann“, segir Sævar Óskarsson.

## Atvinna

Viljum ráða vélvirkja eða menn vana véla- viðgerðum til starfa. Einnig menn vana smíði úr ryðfriðu stáli, áli og járn og menn til viðhalds á fasteign og lóð.

Upplýsingar í síma 898 4915.

Vélvirkinn sf. Bolungarvík.




Árgangur 1972 á Silfurtorgi á Ísafirði.

# Ferðablað BB

kemur út í júní líkt og undanfarin ár. Auglýsingar og greinar í blaðið þurfa að berast sem fyrst.

Hafið samband við Sigurjón í síma 456 4560





# helgaregðabókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

## smáar

Til sölu eru 150 cm skíði og skjðaskór nr. 37. Upplýsingar í síma 863 1616.

Til sölu er MMC pajero árg. 97, ekinn 80 þús. km. sjálfsk. Frábært eintak. Upplýsingar í síma 898 4915.

Rauður Manchester-bolur hvarf frá íþróttahúsinu á Torfnesi í síðustu viku. Þeir sem geta gefið upplýsingar um hvar hann er niðurkominn, hringi í síma 893 4546.

Til sölu er ársгамall barnavagn með burðarrúmi. Mjög vel útlíandi. Upplýsingar í sínum 552 6237 og 690 1780.

Óska eftir einstaklingsíbúð til leigu á Ísafirði. Skoð allt. Uppl. í síma 866 3900.

Til sölu er Honda Civic árg. 99 ekinn 51 þús. km. Upplýsingar í síma 869 8990.

Ungt par óskar eftir íbúð til leigu. Uppl. í síma 898 7755.

Til sölu er Nissan Sunny árg. 1989, ekinn 99 þús. km. Gamall en góður og nýskoðaður. Verð kr. 99 þús. Uppl. gefur Gunnlaugur í sínum 456 305 eða 456 3123.

Óska eftir handfærarúllu. Uppl. í síma 898 4595.

Til sölu er Nissan Pathfinder árg. 89, ekinn 160 þús. km. Þarfmast smá lagfæringa. Uppl. í síma 846 0793.

Óska eftir ódýrum bíl, helst gangfærum og á númerum, á u.þ.b. 50 þús. krónur. Uppl. í síma 846 0793.

Óska eftir að taka tjaldvagn á leigu um verslunarmannahelgina í tengslum við unglíngalandsmótið. Uppl. gefur Ingibjörg í síma 893 9866.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Stórholti. Uppl. í síma 895 2702.

Hann Tommi er týndur. Hann er 4ra ára gulbrúndóttur fress og villdist frá heimili sínu í Mjallargötu þann 24. maí. Hann er ekki með ólén er eyrnamerkur nr. 166. Finnandi hafi samband í s. 456 3648 og 868 6799.

Óska eftir notaðri dráttarvél í þokkalega ástandi. Uppl. í síma 867 2694.

Aðalfundur KFÍ verður haldinn 9. júní kl. 18. Venjuleg aðalfundarstörf. Fundarstaður auglýstur síðar.

Til sölu er Subaru Forrester, beinskíptur, skráður 25.02.98 ekinn 98 þús. km., vetradekk, dráttarkrökur, tenging fyrir NMT síma. Skipti á 1-2 ára gömlum Forrester, Subaru Legacy og Impreza koma til greina. Uppl. í síma 456 5481.

Svartur steggur af ætt norskra skógarkatta er í öskulu í Mjallargötu. Uppl. í s. 456 3862.

Til sölu er hraðbátur, Arrow Sport 150 með 75 ha Chrysler motor. Uppl. í s. 848 1560.

Fræðslufundur fyrir Psoriasis- og exemsjúklinga verður haldinn í grunnskólanum á Ísafirði föstudaginn 30. maí kl. 20:00. Ellen Moony kemur. Einnig verður fjallað um áhrif sólbáða og ljósméðferðar. Allir eru hjartanlega velkomnir.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 30. maí

17.05 Leiðarljós  
17.50 Táknmálfréttir  
18.00 Þekkila (20:26)  
18.30 Einn sinni var...  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljósið  
20.10 Landsleikur í handbolta. Bein útsending frá síðari hálfleik í landsleik Íslendinga og Dana í handknattleik í Austurbergi. Þessi lið léku um bronsverðlaun á Evrópumótinu í fyrra.  
21.00 Aftur á skólabekk. (In a Class of His Own) Sjónvarpsmynd frá 1999 um húsverð í skóla í Oregon-fylki sem verður að næla sér í prófgráðu eigi hann ekki að missa vinnuna. *Aðalhlutverk: Lou Diamond Phillips.*  
22.35 Stóra veislan. (Big Night) Bíómynd frá 1996 um tvo bræður sem reka ítalskan veitingastað. Reksturinn gengur illa og kvöld eitt leggja þeir allt undir til að reyna að bjarga fyrirtækinu. *Meðal leikenda eru Marc Anthony, Tony Shalhoub, Stanley Tucci, Minnie Driver, Isabella Rossellini og Ian Holm.*  
00.25 Lúla á brúnni. (Lulu on the Bridge) Djassleikarinn Izzy verður fyrir slysaskoti á tónleikum og getur ekki spilað framfar. Hann finnur dularfullan þakka úti á götu og eftir það taka undarlegir atburðir að gerast. Lúla á brúnni er bráðskemmtileg og hrifandi ástarsaga sem situr lengi eftir í huganum. *Meðal leikenda: Harvey Keitel, Mira Sorvino, Vanessa Redgrave, Mandy Patinkin, David Byrne, Lou Reed og Willem Dafoe. e.*  
02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 31. maí

09.00 Morgunstundin okkar  
09.02 Mummi bumba (22:65)  
09.08 Stjarnan hennar Lára (9:13)  
09.19 Einninn (15:26)  
09.30 Albertína ballerína (18:26)  
09.45 Hænsnakoffinn (8:13)  
10.03 Babar (11:65)  
10.18 Gulla grallari (33:52)  
10.50 Ylta lera íslensku? (21:22)  
11.10 Kastljósið  
11.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöskv fyrir kappaksturinn í Mónakó.  
13.00 Út og suður (3:12)  
13.25 Í einum grænum (4:8)  
13.50 Geimskípið Enterprise (26:26)  
14.35 Vélhjólasport  
14.55 Einvigi í borðtennis. Guðmundur Stephensen Íslandsmeistari í borðtennis keppir við Norðurlandameistarann Cyprian Asamoah frá Svíþjóð. Þeir Guðmundur og Cyprian eru jafnaldrar, 21 árs, og vöktu báðir athygli á unga aldri fyrir hæfileika sína í borðtennis. Þeir mættu st. m.a. hér á landi árið 1995, þá 14 ára að aldri.

16.00 Landsleikur í handbolta. Bein útsending frá leik karlalíða Íslendinga og Dana.  
17.30 Fótiboltapátturinn  
18.00 Táknmálfréttir  
18.10 Einn og aftur (1:19)  
18.54 Lottó  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.40 Laugardagskvöld með Gísla  
20.25 Söngur hjartans. (A Song From the Heart) Rómantísk kvikmynd um blindan sellóleikara sem fellur fyrir frægum pianóleikara en áttar sig ekki á því að hún hefur leitað langt yfir skammt. *Aðalhlutverk: Amy Grant, D.W. Moffett og Keith Carradine.*  
21.55 Betty hjúkna. (Nurse Betty) Gamannmynd frá 2000 um þjónustustúlku í Kansas sem missir vitnið eftir að maðurinn hennar er myrtur. Hún heldur að hún sé fyrrverandi kerasta sápuöperusjómru og fer til Los Angeles að hitta hana en morðingjar mannsins hennar veita henni eftirlit. *Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Renée Zellweger, Chris Rock og Greg Kinnear.*  
23.40 Að hrökkva eða stökkva. (Drop Zone) Spennmynd frá 1994 um baráttu lögreglunnar við falhlífabofa sem brjóstast inn á lögreglustöðvar og stela þaðan gögnum um nýjónara. *Aðalhlutverk: Wesley Snipes og Gary Busey. e.*  
01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 1. júní

09.00 Morgunstundin okkar  
09.01 Disneystundin  
09.55 Kobbi (10:13)  
10.07 Risto (4:6)  
10.15 Fánka (5:13)  
10.50 Í einum grænum (4:8)  
11.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Mónakó.  
14.00 Laugardagskvöld með Gísla  
14.45 Út og suður (3:12)  
15.10 Undur náttúrunnar

16.00 Músíktílaunir 2003  
16.45 Með flugu í höfðinu (1:2)  
17.15 Maður er nefndur  
17.50 Táknmálfréttir  
18.00 Óli Alexander filibómm  
18.20 Jarðarberjahæð (1:6)  
18.25 Lára Trenter - Bruninn (1:9)  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljósið

20.00 Með flugu í höfðinu (2:2) Veðiþáttur í umsjón Pálma Gunnarssonar. Í þættinum ferðast Pálmi vítt og breitt um Norð-Austurland, kannar hinar ýmsu ólíku ár og fjallar um þá áskorun sem hver einstök veiðiferð felur í sér fyrir fluguveiðimanninn.  
20.30 Njónararnir frá Cambridge  
21.30 Hólgarsportíð  
21.55 Segulávaldurinn. (Magneti-sjörens fermt vinter) Sænsk bíómynd frá 1999 byggð á sögu eftir Per Olov Enquist. Dularfullur maður kemur til smábæjar í Norður-Svíþjóð árið 1820 og segist geta greitt mein sem leknafisindin ráða ekki við. Hann færir blindri leknisdóttur sjónina aftur og vinnur ást hennar en upp úr því fara beldar minningar að láta á sér kræla. *Aðalhlutverk: Kolf Lassgård, Ole Lemmeke, Johanna Sällström, Stina Ekblad, Erland Josephson og Bergljót Arnadóttir.*  
23.55 Kastljósið  
00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 30. maí

06.58 Ísland í bitíð  
09.00 Bold and the Beautiful  
09.29 11 sinu formi  
09.35 Oprah Winfrey  
10.20 Ísland í bitíð  
12.00 Neighbours  
12.25 11 sinu formi  
12.40 Dharma og Greg (6:24)  
13.00 Fugitive (20:22)  
13.45 Jag (22:24)  
14.30 The Agency (5:22)  
15.15 60 Minutes II  
16.00 Smallville (17:21)  
16.45 Barnatími Stöðvar 2  
17.20 Neighbours  
17.45 Buffy, the Vampire Slayer  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður  
19.30 Allt um Vagn. Hér er á ferðinni langhræstur skemmtiþáttur um Friends, viðlestu sjónvarpsþjætti fyrir og síðar. Stíklæð er á stóru, farð yfir hvað gengið hefur á síðasta áratuginn, víðtöl við stjórnmenn sem og íslenska aðdáendur þeirra, fróðleiksmólar, senur og ýmislegt fleira sem kítar hláturtaugarnar.  
20.20 Friends (20:23). Joey skipuleggur þátt fyrir meðleikara sína í DOOL-sápuöperunni uppi á þaki en í að reyna að halda því leyndu þar sem hann skammast sín fyrir hegðun stelpnanna. Það gengur þó ekki lengi hjá honum að leynd þess. Rose kemst á sýns með professor á kaffihúsinu.  
20.50 Off Centre (5:7)  
21.15 George Lopez (7:26)  
21.45 American Idol (27:34)  
22.45 Next Friday. (A föstudaginn) Framhald hinnar vinsælu Friday með rapparanum Ice Cube. Craig Jones er núna fluttur í úthverfin til þess að forðast Debo sem er laus úr fangelsi og ákveðinn í að ná sér niðri á Craig. En Craig lendir jafnvel í enn meiri vandæðum í úthverfinum en í gættinu. *Aðalhlutverk: Ice Cube, Tamala Jones, Mike Epps.*  
00.20 Rocky Marciano. Sannsólegur sjónvarpsmynd. Rocky Marciano ólst upp í Brockton í Massachusetts og þar beið hans að starfa í skóverksmiðjunni, líkt og margra annarra íbúa bæjarins. En Rocky var íþróttamaður góður og hafði hæfileika til að ná langt í hnefaleikum. Hann bjó yfir ótruðlegu baráttuþreki og það gaf honum færi á að komast alla leið á toppinn. *Aðalhlutverk: Jon Favreau, Penelope Ann Miller, Judd Hirsch, George C. Scott, Duane Davis.*  
02.00 Shooting Fish. (Auðveld bráð) Vinirir Dylan og Jez eru klárir gegja sem eiga erftit með að finna störf við hæfi. Þeir velja því fyrir sér hvað skilur á milli þeirra sem gera það gott og þeirra sem fara halloka í lífinu og eru ákveðnir í að feta í fótspor þeirra sem komast áfram í lífinu. Á vegi þeirra verður George sem hefur sama markmið en hún þarf mikla peninga og það strax. *Aðalhlutverk: Don Fütterman, Kate Beckinsale, Stuart Townsend.*  
03.50 Allt um Vagn  
04.40 Friends (20:23)  
05.00 Ísland í dag, íþróttir, veður  
05.25 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 31. maí

08.00 Barnatími Stöðvar 2  
12.00 Bold and the Beautiful  
13.20 Legal Eagles  
15.10 Víkan í enska boltanum  
15.35 Tónlist  
16.00 Afleggjarar - Þorsteinn J. (1:12)  
16.25 Monk (2:12)  
17.10 Sjálfstætt fólk  
17.40 Oprah Winfrey  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Lottó  
19.00 Friends 4 (13:24)  
19.30 Here on Earth. (Petta lífi) Dramatísk kvikmynd með rómantísku ívaði. Kelley Morse er nemandi í virtum einkaskóla. Einn daginn fer hann á rúntín í nýja Benzinum sínum en ókuferðin endar með ósköpum. Morse og annar maður sitja uppi með að hafa rústað veitingastað. Þeir eru dæmdir til að hjálpa við endurleisn staðarins en það á eftir að verða þeim lærðsmörgæfingur. *Aðalhlutverk: Chris Klein, Leelee Sobieski, Josh Hartnett, Michael Rooker.*  
21.15 Training Day. (Nýliðinn) Hörkuspennandi kvikmynd sem færði Denzel Washington Óskarinn. Alonzo Harris er rannsóknarlöggæfingur í Los Angeles sem kall-þerur uppi á þaki en í að reyna að halda því leyndu þar sem hann skammast sín fyrir hegðun stelpnanna. Það gengur þó ekki lengi hjá honum að leynd þess. Rose kemst á sýns með professor á kaffihúsinu.  
20.50 Off Centre (5:7)  
21.15 George Lopez (7:26)  
21.45 American Idol (27:34)  
22.45 Next Friday. (A föstudaginn) Framhald hinnar vinsælu Friday með rapparanum Ice Cube. Craig Jones er núna fluttur í úthverfin til þess að forðast Debo sem er laus úr fangelsi og ákveðinn í að ná sér niðri á Craig. En Craig lendir jafnvel í enn meiri vandæðum í úthverfinum en í gættinu. *Aðalhlutverk: Ice Cube, Tamala Jones, Mike Epps.*  
00.20 Rocky Marciano. Sannsólegur sjónvarpsmynd. Rocky Marciano ólst upp í Brockton í Massachusetts og þar beið hans að starfa í skóverksmiðjunni, líkt og margra annarra íbúa bæjarins. En Rocky var íþróttamaður góður og hafði hæfileika til að ná langt í hnefaleikum. Hann bjó yfir ótruðlegu baráttuþreki og það gaf honum færi á að komast alla leið á toppinn. *Aðalhlutverk: Jon Favreau, Penelope Ann Miller, Judd Hirsch, George C. Scott, Duane Davis.*  
02.00 Shooting Fish. (Auðveld bráð) Vinirir Dylan og Jez eru klárir gegja sem eiga erftit með að finna störf við hæfi. Þeir velja því fyrir sér hvað skilur á milli þeirra sem gera það gott og þeirra sem fara halloka í lífinu og eru ákveðnir í að feta í fótspor þeirra sem komast áfram í lífinu. Á vegi þeirra verður George sem hefur sama markmið en hún þarf mikla peninga og það strax. *Aðalhlutverk: Don Fütterman, Kate Beckinsale, Stuart Townsend.*  
03.50 Allt um Vagn  
04.40 Friends (20:23)  
05.00 Ísland í dag, íþróttir, veður  
05.25 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 31. maí

08.00 Barnatími Stöðvar 2  
12.00 Bold and the Beautiful



**Nýliðinn, eða Training Day, er hörkuspennandi kvikmynd sem færði Denzel Washington Óskarinn. Alonzo Harris er rannsóknarlöggæfingur í Los Angeles sem kall-þerur uppi á þaki en í að reyna að halda því leyndu þar sem hann skammast sín fyrir hegðun stelpnanna. Það gengur þó ekki lengi hjá honum að leynd þess. Rose kemst á sýns með professor á kaffihúsinu.**

20.20 Villiljós (1:5) (The Mothers Circle) Villiljós er íslensk kvikmynd frá árinu 2001 sem fékk góðar viðtökur. Raktar eru fimm sögur og sýnir Stöð 2 eina þeirra á hverju sunnudagskvöldi í júní. Áhorfendur kynnaðu ólíku fólk sem þó virðist tengjast með einhverjum hætti. Allir sem koma við sögu standa frammi fyrir áleitinum spurningum og hjá flestum blasir við uppgjöri. Leikstjórar eru Inga Lís Middleton, Dagur Kári Pétursson, Ragnar Bragason, Asgrímur Sverrisson og Einar Þór Gunnlaugsson. Á meðal leikenda eru Ingvar E. Sigurðsson, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Guðrún Bjarnadóttir, Hafþís Huld og Álfhildur Örnólfsdóttir.  
20.50 Twenty Four (18:24).  
21.35 Boomtown (16:22)  
22.25 60 mínútur  
23.10 Band of Brothers (7:10)  
00.20 American Idol (27:34)  
01.20 Holy Smoke. (Heilugur sannleikur) Ruth Barron er ung, áströlsk kona sem hefur gengið til liðs við sérdráðsöfn-til. Fjölskylda hennar er áhyggjufull og fær PJ Waters, bandarískan sérfræðing, til að hjálpa Ruth að ná áttum á nýjan leik. Sérfræðingurinn er kokhraustur og segir að það verði lítið mál en annað kemur á daginn. *Aðalhlutverk: Kate Winslet, Harvey Keitel, Julie Hamilton, Sophie Lee.*  
03.15 Friends 4 (14:24)  
03.35 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 30. maí

15.40 NBA  
18.30 Football Week UK  
19.00 Trans World Sport



Tónlistarskóli Ísafjarðar  
Austurvegi 11 • 400 Ísafjarðar • Sími 456 3926

## Skólaslit

Skólaslit og lokahátíð Tónlistarskóla Ísa-fjarðar verður í Ísafjarðarkirkju fimmtudaginn 29. maí kl. 17:00. Flutt verða ávörp og tónlist sem og afhending skirteina og verðlauna.

Tónlistarskóli Ísafjarðar.

Tónlistarfélag Ísafjarðar.



# Héraðsfundur

Héraðsfundur Ísafjarðarprófastdæmis verður haldinn í safnaðarheimilinu í Bolungarvík fimmtudaginn 29. maí, uppstigningardag. Fundurinn hefst með guðspjónustu í Hólskirkju kl. 11:00. Auk kjörinna fulltrúa, hefur starfsfólk sóknanna og áhugafólk um kirkjuna rétt til setu og hefur tillögurétt.

Héraðsnefnd Ísafjarðarprófastdæmis.

**18:00 Förunarþáttur**  
**18:30 Guinness World Records (e)**  
**19:30 Yes Dear (e)**  
**20:20 Dateline.** Bandarískur fréttaskýringiþáttur sem er tilt skiptis og jafnvel alltaf í spennandi, skemmtilegur og fræðandi. Bestu fréttamenn Bandaríkjanna taka á málum sem eru helst á döfinni þar flandi, s.s. morðum, skurðagerðum, klónun og öðrum söfuförlegum vandamálum sem mennirnir tákast á við.  
**21:00 Philly.** Katheleen er fyrsta flokks verjandi, samur riddari bringubróks í leit að hún heilaga kálekítt réttissins. Ásamst fílingum sinum berst hún harðri baráttu við hrokaflakla saksóknara og dómara í von um að fá kerfili til að virka. Katheleen er fála einstæð móör og barnsförinn jafnframt helsti andstæðingur hennar og ofurfjandi, sjálfur aðalsaksóknari Fládeilafurbogar.  
**22:00 Djúpa laugin.** Í Djúpu lauginni sýna Íslendingar af öllum stærðum og gerðum sinum bestu hljóði í von um að komast á stefnumót. Leikurinn gengur út í að eim keppandi spyr þjá einstaklinginn af gaugsteða kyninu margvíslegra

## Fasteignaviðskipti

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON NDL**  
 Mafnarstræti 1 - Ísland  
 Símar: 455 3940 & 456 3244  
 Fax: 455 4647 - Netfang: tryggvi@venerpa.is

**Heimasíða: [www.bb.is/tg](http://www.bb.is/tg)**

Laugardagur 31. maí

13:00 Listín að lifa (e)  
14:00 Mótor – Sumarsport (e)  
14:30 Jay Leno (e)  
15:30 Yes, Dear (e)  
16:00 Djúpa laugin (e)  
17:00 World's Wildest Police videos  
18:00 Fólk með Sirrý (e)  
19:00 Cybernet

**20:00 Md's.** Skoski sjárnurinn John Hannah fer með hlutverk lausnis- og þessu Dalgely í Md's sem er á dagskrá á laugardagskvöldin kl. 20:00. Þetta er ný gerast á sjónskráhúsi og meðal annars leikara er hinn írsktaliði William Fichtner sem leikur galgopann William Kellerman.

**21:00 Leap Years.** Hæfileikaríngi ungmenninga kynast árið 1993 og halda vinnuþing sínu lifandi nestu ár. Rugla samantritun reitum og eiga (stundum óþarlegar) átt kynni. Við fáum að lifa inn til þeirra árin 1993, 2001 og 2008 og sjá hvernig samböndin hafa þróast. Leik- og söngkonan Athena berst við að ná freð og frama, kemst á toppinn en hryrur sínu í hlyddipý eittíufræjseylu. Því henni hennar George gagnrýnnar. Joe Lögmáður og Ben ríkisbúið reyna að hjálpa henni en eiga sjálfir við sín vandamál að stríða, þá helst framhjáðhöf, fjölskyldudeilur og væmsdikkennahnem-sóknir.

**22:00 Law & Order SVU (e).** Geopþekkur og harðnuðinn hópur sverftranga ynnur að því að finna kynferðisglæpamenn í New York. Stabler og Benson, Munch og Tutuola undir stjórn Don Cragen yfirvarðstjóra og Alexóndru Cabot saksóknara leita allra leiða til að finna tilræðismenn, nauðgara og annars sora og koma þeim bakvið lás og slá.

**22:50 Philly (e)** Kathleen er fyrsta

## Sjómannadagurinn í Bolungarvík

# Vélbátsins Stanley's minnst

Í tilefni þess að á þessu vori eru 100 ár liðin síðan Stanley, fyrsti vélbáturinn hérlandis, hóf róðra frá Bolungarvík, er gert ráð fyrir að bátar í Bolungarvík fari í hóp-siglingu inn fyrir Hóla kl. 14 á laugardaginn.

Á sunnudag kl. 10.15 verður hópanga frá Brimbjót til

kirkju og hlýtt messu hjá sn  
Agnesi Sigurðardóttur. Þa  
verða sjómenn heiðraðir. Á  
messu lokinni verður lagður  
blómsveigur að minnisvarð  
ÚtisKemmtun við höfnina  
hefst kl. 13.30 á sunnudag er  
kl. 15 hefst kaffisala Kvenna  
deildar Slysavarnafélagsins  
Vikurbæ.



# veðrið

**Horfur á fimmtudag:**  
Norðlæg átt, 8-13 m/s  
norðaustanlands, en  
annars hægari. Hiti 3-13  
stíq. hlýjast sunnanlands.

**Horfur á föstudag:**  
Hæg austlæg eða breytileg átt. Víða bjart veður og hiti 7-16 stig, hlýjast inn til landsins.

**Horfur á laugardag:**  
Austan- og norðaustan, 3-  
8 m/s og skýjað með  
köflum, en víða 8-13 m/s  
og rigning eða súld  
sunnan- og suðaustan-  
lands. Hiti breytist lítið.

**Horfur á sunnudag:**  
Norðaustanátt og vætu-  
samt. einkum austomil.

Milt í veðri.  
**Horfur á mánudag:**  
Norðaustanátt og vætu-  
samt, einkum austantil.  
Milt í veðri.

**kirkja**

**Ísafjarðarkirkja:**  
Messa á sjómannadag,  
1. júní kl. 11:00.  
**Hnífsdalskapella:**  
Messa á sjómannadag,  
1. júní kl. 10:00.  
**Flatøyarkirkja:**  
Messa á sjómannadag,  
1. júní kl. 11:00.

## fréttir



# Sýning á handavinnu eldri borgara

Á föstudag frá kl. 15-17 munu eldri borgarar á Ísafirði efnla til handavinnu-  
sýningar í kjallaranum á Hlíf 2, íbúðum aldraðra á Ísafirði. Allir munirnir á sýningunni voru unnir af íbúum Hlífar í vetur. Einnig verður sölusýning á handavinnu sem unnin var á dagvist á Hlíf. Kaffisala verður á sal Hlífar og rennur ágóðinn, ef einhver verður, í ferðasjóð eldri borgara. Íbúar á Hlíf vonast eftir að sem flestir sjálf sér fært að mæta.

## Fasteignaviðskipti

**TRYGGVI GUDMUNDSSON NDL**  
Mafnarstræti 1 – ísraflói  
Símar: 455 3940 & 456 3244  
Fax: 455 4547 – Netfang: tryggvi@venerpa.is  
Heimasíða: www.bb.is/fg



### Vantar eignir á skrá

**Ínbýlishús**  
Hlíðarvegur 42: 183,2 m<sup>2</sup> rúðlús á bremsar hæðum, með sér íbúð í kjallari. Tilboð óskast.

**Skólavegur 9:** 127,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúlu. Verð 6,7 m.kr.

**Smíðugata 12:** 83 m<sup>2</sup> gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt garði og tilheyrandi eignarlóð. Tilboð óskast.

**Urðarvegur 27:** 190,5 m<sup>2</sup> einbýlús á 2 hæðum ásamt bílskúlu, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á míni eign mógel. Verð 13,5 m.kr.

**Íbúðir**  
Aðalstræti 26a: 137,3 m<sup>2</sup> 5 herb.

**Íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjöbýli. Íbúðin að mestu uppgerð. Tilboð óskast.**

**Silfurgrata 11:** 56,2 m<sup>2</sup> (75 m<sup>2</sup> gólfloðar, mikið rými í risi) björt og glæsileg íbúð með fláðru álfvini. Ötrúlega hagstæð í rekstri. Álv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

**Stórholt 13:** 79,2 m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. Verð 4,5 m.kr.

**2ja herborgja íbúðir:**

**Aðalstræti 24:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. Verð 5,8 m.kr.

**Aðalstræti 24:** 62 m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. Verð 4,9 m.kr.

**Brunngata 12a:** 57,4 m<sup>2</sup> íbúð í nýjð góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallari og eignarlóð.

**Silfurgrata 11:** 74,1 m<sup>2</sup> 3ja herborgja



## Bolungarvík

### Spólandi í húsgagarði

Lögreglunni á Ísafirði barst klukkan liðlega 22 á laugardagskvöld símtal frá íbúa í Bolungarvík sem kvartaði undan því að ekið hafði verið inn í garð hans, spólað og ekið í burtu. Lögregla ók áleiðis til Bolungarvíkur og mætti umræddum bíl í Hnífsdal. Þá hafði farþegi í bílnum tekið við akstri.

Sá sem grunaður var um garðaksturinn var að handtekinn eftir að hafa ítrekað logið til um kennitölu og viðurkenndi að lokum á lögreglustöðinni á Ísafirði að hafa ekið um í garðinum. Maðurinn er grunaður um ölvun við akstur.

## Ísafjörður

### Menntaskólanum slitið

Menntaskólanum á Ísafirði verður slitið í 33. sinn við hátíðlega athöfn í Ísafjardarkirkju kl. 14 á laugardag. Þá verða brautskráðir alls 38 nemendur, þar af 30 stúdentar, 3 nemendur af starfsbraut og 5 nemendur sem ljúka 2. stigi vélstjórnar.



Hermann með barnið, Stefán og móðirin Sigríður R. Jónsdóttir.

### Stúlkubarn fæddist í sjúkrabifreið á Ísafirði

## Kom í heiminn við Grænagarð

Aðfaranótt sunnudagsins fæddist barn í sjúkrabifreið á Ísafirði. Tveir slökkviliðsmenn fóru í útkall til Súðavíkur upp úr klukkan þrjú um nóttina og fluttu vanfæra konu áleiðis til Ísafjarðar. Á leiðinni varð ljóst að barnið

myndi ekki bíða og var bifreiðin stöðvuð við Ísafjarðarflugvöll og lögregla fengin til að aka meðan sjúkraflutningsmennirnir tóku á móti barninu. Þegar komið var að Grænagarði í Skutulsfirði var barnið þegar fætt. Þaðan eru ekki nema

nokkur hundruð metrar að Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. „Þetta var stúlka, 3280 grömm og 50 sentimetrar. Móður og barni heilsast báðum vel“, segir Sigríður Ólöf Ingvarsdóttir, ljósmóðir á Fjórðungssjúkrahúsinu.

Ber hún sjúkraflutningsmönnum vel söguna og segir þá hafa staðið sig vel við móttöku barnsins. Móðirin heitir Sigríður R. Jónsdóttir en sjúkraflutningsmennirnir voru Hermann G. Hermannsson og Stefán T. Sigurðsson.

### Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Ísafjarðarapóteks eftir að Lyfja hf. fyrirtækið

## Útibúum á Suðureyri og Flateyri lokað

Útibúum Ísafjarðarapóteks á Suðureyri og Flateyri var báðum lokað um helgina. Eins

og komið hefur fram keypti lyfsölukeðjan Lyfja hf. Ísafjarðarapótek fyrir skemmstu

af Ásbirni Sveinssyni lyfsala sem átt hafði og rekið apótekið nærfellt í 19 ár.

„Ástæðan fyrir lokuninni er einfaldlega sú að það er mjög óhagkvæmt að reka útibú á

þessum stöðum. Það er stutt til Ísafjarðar og góðar samgöngur allt árið um kring. Aftur á móti finnst okkur ekki forsvaranlegt að loka útibúinu á Þingeyri þar sem öllu lengra er að aka þaðan á Ísafjörð“, segir Ingi Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lyfju hf.

„Við komumst að því að til þess að halda þessum útibúum opnum þyrfti að borga með þeim. Það er ekki réttlætanlegt út frá rekstrarfræðilegu sjónarmiði. Þar að auki erum við að fara að setja upp nýtt tölvukerfi á öllum okkar stöðum og þurftum þess vegna að taka þessa ákvörðun fyrir en ella.“

Ísafjarðarapótek rekur að auki útibú í Bolungarvík og segir Ingi af og frá að til standi að loka því. „Þar er miklu stærri markaður og rekstraradstæður allt aðrar. Því útibúi verður ekki lokað“, sagði Ingi.

### Bílslysið á Kirkjubólshlíð á síðasta hausti

## Ökumaðurinn ákærður fyrir manndráp af gáleysi

Þingfest var í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku ákæra á hendur ökumanni vegna umferðarslyss sem varð á Kirkjubólshlíð við Skutulsfjörð á síðasta hausti. Kona og tvær dætur hennar sem voru farþegar í bifreiðinni létust fáum dögum síðar

af afleiðingum slyssins. Ökumaðurinn er sakaður um manndráp af gáleysi skv. 215. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru segir að höfða beri opinbert mál á hendur ökumanninum „fyrir hegningar- og umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 6. októ-

ber 2002, á leið norður Djúpveg í Skutulsfirði, skammt utan við Bása, ekið bifreiðinni [...] með fimm farþega í bifreiðinni og léttan tengivagn í eftirdragi, án nægjanlegrar tillitssemi og varúðar og of hratt miðað við aðstæður með þeim afleiðingum að þegar vind-

hviða kom á vagninn missti ákærði stjórn á bifreiðinni svo að hún snerist á veginum og valt nokkrar veltur og þrír farþeganna, [...] og [...] sem köstuðust út úr bifreiðinni, og [...] hlutu svo mikla áverka að þær létust nokkrum dögum síðar.“



**(Merki)**  
Fáðu þér  
uppáhalds  
merkið þitt í  
GSM-símann  
þinn

**Stafrænar  
myndavélar  
og  
fartölvur**

**straumur**  
Silfurgötu 5  
Sími 456 3321



**(Tónar)**  
Fáðu þér  
uppáhalds  
lagið þitt í  
GSM-símann  
þinn

